



SHALDÖR
skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt
Út að borða



ALLT

Góður árangur
Hugræn atferlismeðferð
ætti að vera fyrsti kostur við
vægu þunglyndi og kvíða.

allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
11. október 2011
237. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGBLAÐ ÍSLANDIÐ

10 ÁRA

2001 - 2011

*Samkvæmt gæðmálgáttinni Capacent Gallup apríl - júní 2011



Mikil hvatning
Caput-hópurinn sæmdur
verðlaunum Norræna
tónskáldaráðsins.

tímamót 18

Lagði mikið á sig
Guðjón Þorsteinn
Pálmarsson nauðalíkur
Jóni Páli í Heimsendi.

fólk 34

Sú fyrsta í Euroleague
Helena Sverrisdóttir spilar
á morgun fyrst íslenskra
körfuboltakvenna í bestu
deild í Evrópu.

sport 30



fyrir allar dætur
frænkur - mómmur - systur - vinkonur ...

Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameinum
Sófnunarmarkmið 50.000 slaufur

10 20 30 40 50 þúsund

veðrið í dag



FÍNT SYÐRA Í dag verða víða
norðaustan 5-10 m/s og bjart en
norðvestan strekkingur og elja-
gangur NA-til í fyrstu. Hiti 0-7 stig.

VEÐUR 4



Paratabs®

actavis

Lögreglumaður kærir dómara við Hæstarétt

Lögregluvarðstjóri á Selfossi hefur kært hæstaréttardómarann Árna Kolbeinsson fyrir rangar sakargiftir. Lögregla ók ölvuðum manni að sumarbústaðalandi Árna sem kærði varðstjórann fyrir afglöp í starfi. Það mál endaði með sýknudómi.

DÓMSMÁL Varðstjóri hjá lögreglunni á Selfossi hefur lagt fram kæru á hendur hæstaréttardómaranum Árna Kolbeinssyni fyrir rangar sakargiftir. Ríkissaksóknari hefur kærna til skoðunar.

Rót málsins er kæra sem Árni lagði fram á hendur varðstjórannum, Svani Kristinssyni, í fyrra fyrir afglöp í starfi. Undirmenn Svans höfðu þá ekið með óstýrilátan, tvítugan mann af útihátíð í Galtalæk

og skilið hann eftir í námunda við sumarbústað Árna í Landsveit.

Ungi maðurinn hélt þar ófriðnum áfram og barði bústað Árna utan sem varð til þess að Árni kallaði til lögreglu. Eftir að hann komst að því hvers vegna maðurinn hafði verið staddur á þessum slóðum kærði hann Svan fyrir „afglöp í starfi“.

Kæra Árna leiddi til þess að ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur Svani fyrir að hafa „gerst

offari við framkvæmd lögreglu-starfans og ekki gætt lögmætra aðferða“. Var honum gefið að sök að hafa fyrirskipað að manninum yrði ekið af svæðinu og að hafa skilið hann eftir of langt frá því, eftir að hann sótti hann að bústaðnum síðar um nóttina.

Svanur var hins vegar sýknaður af öllum sökum í héraði. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

- jss / sjá síðu 4



SVANASÖNGUR VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN Haustið skartaði sínu fegursta í höfuðborginni í gær og tóku álftrinar á Reykjavíkurtjörn hverjum brauðmola fagnandi sem þeim barst.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úrbótanefnd kirkjupings er í viðræðum við Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur:

Greiðsla bóta kemur til greina

ÞJÓÐKIRKJAN Formaður úrbótanefndar kirkjupings segir vel koma til greina að greiða Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur sanngirnibætur vegna vinnubragða þjóðkirkjunnar í máli hennar, sem hluta af sáttaferli milli hennar og kirkjunnar.

Nefndin, sem úrskurðaði í júlí að þremur konum yrðu greiddar sanngirnibætur vegna mistaka sem urðu í kjölfar frásagna þeirra af misnotkun Ólafs Skúlasonar, fyrrverandi biskups, hefur verið í samskiptum við Guðrúnu

Ebbu Ólafsdóttur síðan í sumar. Fjárhæðin nam alls fimm milljónum króna.

Magnús E. Kristjánsson, formaður nefndarinnar, segir mál Guðrúnar Ebbu vera í farvegi og verið sé að vinna að því að koma á sátt milli hennar og kirkjunnar.

„Það verður þó að horfa á hlutina í stærra samhengi,“ segir Magnús. „Það sem við erum að leita eftir er á breiðari grunni en fébætur, sem yrðu einungis hluti af viðurkenningu frá kirkjunni. Við erum að ræða við hana og

vonumst til þess að það sé hægt að ganga frá góðri sátt.“

Magnús vill ekki greina frá viðræðunum við Guðrúnu Ebbu í smáatriðum, en segir grunnforsendu fyrir þeim að ná sátt við hana eftir þá hræðilegu reynslu sem hún hafi upplifað af hendi föður síns.

„Við viljum vinna að því að varpa ljósi á þessa skelfilegu hluti til að koma í veg fyrir að þeir endurtaki sig,“ segir Magnús.

Karl Sigurbjörnsson biskup gaf ekki kost á sér í viðtal við Fréttablaðið í gær.

- sv

Á svipuðum slóðum:

Skákeinvígið í tveimur sögum

MENNING Tvær spennusögur koma út fyrir þessi jól þar sem sögu-sviðið er heimsmeistaraeinvígið í skák á milli Bobby Fischer og Boris Spasskí í Laugardalshöll 1972. Annars vegar er það bók Óttars M. Norðfjörð sem kallast Lygarinn: Sönn saga og hins vegar bók Arnaldar Indriðasonar, Einvígið. Óttar segir í viðtali við Fréttablaðið að Einvígið hafi komið til greina sem titill á bók hans en honum hafi fundist hann of augljós.

„Að vera með bók sem er með sama efni og þessi sölumaskína okkar er svolítið klikkað. Þetta verða örugglega áhugaverðustu bókaþól sem ég hef tekið þátt í,“ segir Óttar M. Norðfjörð.

- fb / sjá síðu 34

HÍ í hóp 300 bestu háskóla:

Auðveldar sókn til framtíðar

FRÆÐI Gæði íslenskra rannsókna hafa skilað Háskóla Íslands inn á lista yfir bestu háskóla heims. Times Higher Education Supplement, sem er annar af tveimur helstu matslistum á þessu sviði, metur HÍ í 300 sæti á nýjum lista.

Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs HÍ, segir að matið skiptist í nokkra flokka, en kennsla og rannsóknir séu þar veigamestar. Öflug tengsl og samstarfsverkefni með innlendum og erlendum fyrirtækjum og stofnunum spila stórt hlutverk í þessari viðurkenningu og nefnir Halldór Landspítalann og Íslenska erfðagreiningu í því samhengi. Matslistinn er að hans sögn gæðastimpill fyrir fræðasamfélagið á Íslandi í stærra samhengi og mun auðvelda HÍ að sækja fram, að hans sögn.

- shá / sjá síðu 10

Við opnum þér nýjar dyr



Hurðir og hurðahúnar.
Góð verð!

LEBO
DOORS & FRAMES

ALTAK

Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is

Ottobre festa
UNO
Hafnarstræti 1-3
101 Reykjavík
Sími 561 1313
uno.is

3ja rétta matseðill
3.490 kr.
Gildir sunnudaga til miðvikudaga



uno
cucina italiana



Aldís, fékkst ávöxtun á hurð-
irnar hjá sparisjóðnum?

„Neikvæð ávöxtun, betri helmingur-
inn er brenndur.“

Hveragerðisbær hefur fengið útskornar
hurðir veitingaskálans Eden að gjöf frá
Sparisjóði Vestmannaeyja, sem átti Eden.
Adam og Eva voru skorin út í hurðirnar,
sem urðu illa úti í bruna í júlí. Aldís Haf-
steinsdóttir er bæjarstjóri í Hveragerði.

Hjónavígsluvottorð leiðrétt:

Þjóðskrá lengi að taka við sér

SAMFÉLAGSMÁL „Þetta er fullkomið
tillitsleysi,“ segir Hrafnhildur
Gunnarsdóttir kvikmyndagerðar-
kona, sem komst nýverið að



HRAFNHILDUR
GUNNARSDÓTTIR

því að hjóna-
vígsluvott-
orði hefði ekki
verið breytt í
samræmi við
samræmd hjú-
skaparlög sem
tóku gildi í júní
í fyrra.

Lögin kveða
á um að sam-
kynhneigðir

öðlist sama rétt og gagnkyn-
hneigðir til að ganga í hjónaband.
Fyrirnefnt vottorð gerði ekki ráð
fyrir samkynhneigðum.

Hrafnhildur hafði samband við
Þjóðskrá, sem gefur það út, og
var því breytt fyrir helgi. Henni
finnst seinagangurinn ótrúlegur
þar sem þrjár lagabreytingar
hafi verið gerðar frá 1996 til að
bæta hjúskaparstöðu samkyn-
hneigðra. - rve / sjá Allt í miðju blaðsins

Líbúmenn fagna:

Ekkert bólar á Gaddafí ennþá

LÍBÍA, AP Byltingarmenn í Líbíu
hafa fagnað falli Sirte, fæðingar-
borgar Múammars Gaddfí, þótt
hann sjálfur sé enn ekki fundinn.
Bardagar geisðu áfram í borg-
inni, þótt miðbærinn sé fallinn í
hendur byltingarmanna.

Younis al-Abdally, yfirmaður
í hersveitum byltingarmanna,
sagði hersveitir sínar hafa
umkringt stuðningsmenn Gad-
dafís á litlu svæði í borginni.

Leiðtogar bráðabirgðastjórnar
landsins segjast sannfærðir um
að Sirte muni verða öll á valdi
þeirra síðar í vikunni, þótt stuð-
ningsmenn Gaddafís verjist enn af
miklum krafti. - gb

Markaðsátakið Ísland allt árið var formlega sett af stað við hátíðlega athöfn í gær:

Verja 300 milljónum í fjölgun ferðamanna

FERÐAMÁL Stjórnvöld stefna að því að fjölga
ferðamönnum utan háannatíma á Íslandi um
100 þúsund frá september í ár fram í september
árið 2014. Gerir þetta um 12 prósentu fjölgun á
ári. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kynnti
markaðsátakið í gær, sem ber heitið „Ísland allt
árið.“

Verkefnið byggir á grunni vörumerkisins
Inspired by Iceland og hefur nú verið ákveðið
að verja allt að 300 milljónum króna næstu þrjú
árin í markaðsverkefni í vetrarferðaþjónustu,
gegn mótframlagi frá einkaaðilum. Steingrímur
J. Sigfússon fjármálaráðherra var meðal þeirra
sem undirrituðu samning um verkefnið í Hörpu
í gær undir formlegri kynningu átaksins, sem
mun standa fram að áramótum.

Með verkefninu á að jafna árstíðarsveiflu í
komu ferðamanna, skapa ný störf og auka arð-
semi af ferðamennsku. Verkefnið mun byggja
á fjárfestingu sem lögð hefur verið í markaðs-
átakið Inspired by Iceland og áfram verður
unnið með það vörumerki.

Meðal aðstandenda Íslands allt árið eru iðn-
aðarráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Icelandair,
Reykjavíkurborg og Samtök ferðaþjónustunnar.
Íslandsstofa mun annast framkvæmd verkefnis-
ins, en alls hafa rúmlega 100 fyrirtæki staðfest
þátttöku. - sv

VERKEFNINU FAGNAÐ Fjármálaráðherra, stjórnar-
formaður Íslandsstofu, iðnaðarráðherra og borgarstjóri
fögnuðu áttakinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



EKKI LENGUR EFTIRLÝSTUR Bandarískir alríkislögreglumenn þegar fjölmiðlum var skýrt frá handtöku Bulgars í júní. NORDICPHOTOS/APP

Birting á nafni Önnu sætir harðri gagnrýni

Uppljóstrun bandaríska dagblaðsins Boston Globe getur stefnt Önnu Björns-
dóttur í hættu. Hún getur einnig orðið til þess að framvegis hiki fólk við að
veita bandarísku alríkislögreglunni upplýsingar um eftirlýsta glæpamenn.

BANDARÍKIN Anna Björnsdóttir,
fyrirverandi fegurðardrottning
og leikkona, getur verið í hættu
stödd eftir að bandaríska dag-
blaðið Boston Globe skýrði frá því
að það hefði verið hún sem bar
kennsl á hinn eftirlýsta glæpa-
mann James „Whitey“ Bulger.

„Þeir geta ekki tryggt hundrað
prósent að hún geti verið örugg
áfram,“ var haft eftir Michael
Sullivan, fyrirverandi dómsmála-
ráðherra Bandaríkjanna, í öðru
dagblaði frá Boston, nefnilega
Boston Herald: „Þetta var óþörf
birting og óþörf áreitni,“ sagði
Sullivan.

Nokkuð var fjallað um málið
í bandarískum fjölmiðlum í gær
þar sem blaðamenn á Boston
Globe voru gagnrýndir fyrir að
birta nafn Önnu opinberlega.

Bandaríska alríkislögreglan
FBI greiddi Önnu jafnvirði 230
milljóna króna fyrir upplýsing-
arnar, sem leiddu til handtöku
Bulgars og vinkonu hans í júní.
Anna bjó um hröð í sama húsi og
Bulger í Kaliforníu og bar kennsl
á hann á mynd sem birt var á
sjónvarpsstöðinni CNN.

Sullivan segir þessa birtingu
geta orðið til þess að fólk hiki
við að veita lögreglunni upplýs-
ingar um eftirlýsta glæpamenn,
ef ekki sé hægt að treysta því að
trúnaður haldi.

Michael Kendall, fyrirverandi
alríkissaksóknari, segir blaðið
hugsanlega hafa stjórnskrár-
varinn rétt til að birta nafn Önnu
– „en það þýðir ekki að það eigi
að gera það.“

Bulger var glæpaforingi í

Boston og er sakaður um nít-
ján morð. Hann er nú kominn
yfir áttætt og hafði áratugum
saman verið í felum í íbúð sinni
í Kaliforníu ásamt vinkonu sinni,
Catherine Craig, sem er sextug.

Flestir fjölmiðlar vestra hafa
þó tekið upp þráðinn frá Boston
Globe og birt nafn Önnu, jafn-
vel þótt einhver hætta sé á því
að félagar Bulgars leiti hana
uppi. Hann var hins vegar orðinn
einangraður og vinafár.

Blaðamenn Boston Globe skýra
frá samtölum við nágranna Bul-
gars, sem segja hann hafa haft
hægt um sig og talað við fáa.
Hann hafi hins vegar vírst vera
ósköp venjulegt gamalmenni
og kom mörgum á óvart að
hann hefði verið harðsvíraður
glæpamaður. gudsteinn@frettabladid.is

Fyrsta bankanum bjargað:

Hlutabréf í Dexía hrapa

BELGÍA, AP Hlutabréf í fransk-belg-
íska Dexía-bankanum lækkuðu
um þriðjung í gær eftir að belg-
ísk stjórnvöld ákváðu að kaupa
hinn belgíska hluta bankans til að
bjarga honum frá gjaldþroti og
greiða fjóra milljarða evra fyrir,
en það samsvarar um það bil 640
milljörðum króna.

Sameiginlega ætla stjórnvöld í
Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg
auk þess að tryggja starfsemi
bankans í allt að áratug. Þetta er
fyrsti bankinn á evrusvæðinu sem
verður bankakreppunni að bráð.

Aðrir bankar voru að mestu
hættir að lána Dexía vegna
skuldavanda Gríkklands og Ítalíu
og áforma um hugsanlega eftir-
gjöf grísku ríkisskuldanna. - gb

Staða lífeyrissjóðanna styrkist:

Raunávöxtun fer batnandi

EFNAHAGSMÁL Raunávöxtun líf-
eyrissjóðanna fer batnandi þrátt
fyrir að margir sjóðir glími enn
við eftirköst efnahagshrunsins. Í
nýútkominni skýrslu um ársreikn-
inga lífeyrissjóða fyrir árið 2010,
á heimasíðu Fjármálaeftirlits-
ins, kemur meðal annars fram að
ávöxtun lífeyrissjóðanna umfram
verðbólgu, hafi verið 2,65 prósent
samanborið við 0,34 prósent árið
2009.

Þar segir einnig að heildar-
eignir lífeyrissjóðanna hafi numið
tæplega 1.910 milljörðum króna
í árslok 2010 samanborið við um
1.775 milljarða árið 2009. - sv

LÖGREGLUMÁL

Brutust inn og stálu harðfisk

Tugum kílóa af harðfiski í neytenda-
pökkningum var stolið á sunnudagsnótt
þegar brotist var inn í harðfiskvinnsluna
Sæmár á Blönduósi. Lögreglan biður
fólk um að láta vita ef það verður vart
við grunsamlega harðfisksölumenn.

Tuttugu ár eru liðin síðan íslenska briddslandsliðið varð heimsmeistari:

Skálað í kaffi á 20 ára afmælinu

ÍÞRÓTTIR Tuttugu ár eru liðin síðan
íslenska briddslandsliðið sigraði á
heimsmeistaramótinu í Yokohama
og hlaut hina frægu Bermúdaskál
að launum. Ísland hefur ekki tryggt
sér þátttökurétt í lokakeppni heims-
meistaramóts í sveitakeppni í bridds
aftur fyrr en nú. Keppnin hefst í
Veldhoven í Hollandi á laugardag.

Í viðtali við Fréttablaðið nýlega
rifjaði Björn Eysteinnsson, fyrirlíði
sigurlíðsins, það upp hversu mikla
athygli árangur liðsins fékk. Sýnt
var frá lokaviðureigninni við Pól-
verja í beinni útsendingu og sátu
allir sem vettlingi gátu valdið við
viðtækin. Það var mögulegt vegna
þess Helgi Jóhannsson, þáverandi
forseti Briddssambandsins, náði að
sannfæra stjórn Alheimsbriddssam-
bandsins um þörfina á slíkri útsen-
dingu vegna þess að þjóðin öll fylg-
ist með. Heimkoma meistaranna



BERMÚDASKÁL! Móttökurnar sem íslenska liðið fékk voru góðar. Ræða Davíðs Odds-
sonar við það tilefni er fræg.

vakti gríðarlega athygli og ekki síst
fyrir að Davíð Oddsson, þáverandi
forsætisráðherra, lét menn lyfta
glösum í frægri „Bermúdaskál“.

Í tilefni tímamótanna verður
afmælskaffi og fyrirlestur í húsa-
kynnum Bridgesambands Íslands
klukkan sex í dag. - shá

20% afsláttur
af Biomega vítamínunum



Reykjavíkurborg



Apótek

Þú velur þann bílasamning sem hentar þér

Viðskiptavinir eiga að hafa val. Landsbankinn býður nú nýja óverðtryggða bílasamninga með föstum vöxtum og betri kjör á verðtryggðum og óverðtryggðum bílasamningum með breytilegum vöxtum.

Óverðtryggður, fastir vextir

8,95%

- » Fastir 8,95% vextir til 36 mánaða*
- » Hámarkslánstími er 7 ár, að frádregnum aldri ökutækis
- » Lánshlutfall allt að 70%
- » Hraðari eignamyndun í flestum tilfellum
- » Hærri greiðslubyrði
- » Einnig er í boði óverðtryggður bílasamningur með **breytilegum vöxtum**, á vildarkjörum, nú 8,55%.**

Verðtryggður, breytilegir vextir

7,80%

- » Breytilegir vextir á vildarkjörum, nú 7,80%**
- » Hámarkslánstími er 7 ár, að frádregnum aldri ökutækis
- » Lánshlutfall allt að 70%
- » Hægari eignamyndun í flestum tilfellum
- » Lægri greiðslubyrði

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.

* Fyrir lok fastvaxtatímabils er hægt að festa vexti aftur á þeim kjörum sem í boði verða eða skipta yfir í óverðtryggðan bílasamning með breytilegum vöxtum. Ef ekkert er valið færir samningurinn yfir á breytilega óverðtryggða vexti.

** Vildarkjör til Vörðufélaga og núverandi viðskiptavina Bíla- og tækjafjármögnunar.



GENGIÐ 10.10.2011			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	116,2	116,76
	Sterlingspund	181,92	182,8
	Evra	157,9	158,78
	Dönsk króna	21,211	21,335
	Norsk króna	20,179	20,297
	Sænsk króna	17,256	17,358
	Japanskt jen	1,5147	1,5235
SDR		181,94	183,02
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
213,1997			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Juholt þekkti ekki reglurnar: Fékk ofgreiddar húsaleigubætur

SVÍÐJÓÐ Lögregluþvöföld í Svíþjóð rannsaka nú meint fjárvik Hákans Juholt, leiðtoga Jafnaðarmannaflokksins í Svíþjóð. Hann hefur í mörg ár fengið fulla greiðslu fyrir búsetu í Stokkhólmi



HÁKAN JUHOLT

bótt sambýliskona hans hafi búið þar með honum. Þingmenn í Svíþjóð fá húsaleigubætur vegna dvalar í Stokkhólmi, eigi þeir lögheimili annars staðar. Búi einhver með þeim í íbúðinni greiðir sænska þingið helming leigunnar. Juholt kveðst ekki hafa verið með reglurnar á hreinu. Deildarstjóri þingsins spurði í sumar einn af aðstoðarmönnum flokksleiðtogans hvort staðan væri þannig að hann ætti enn að fá fullar bætur. Samt sótti hann um eins og venjulega í september.

- ibs

HALDIÐ TIL HAGA

Tvær milljónir króna eru útistandandi, en ekki fimm, af því fé sem safnaðist í árvekni- og fjárflyunarátaki Krabbameinsfélagsins, Mottumars, og enn tínist inn fé, að sögn aðstandenda átaksins. Þá er rétt að áréttast að sex milljónum af söfnunarfénu verður varið í rannsóknarstarf. Tvær auglýsingar voru keyptar í dagblöðum til þess að auglýsa eftir umsóknum vísindamanna um styrki til rannsókna en ekki farið í auglýsingaherferð.

Í dálkinum þetta gerðist á Tímamótasiðu í gær var Helgi Hóseasson titlaður húsasmiður. Rétt er að Helgi var húsasmiðameistari.

Margdæmdur brotamaður ætlaði að reyna að koma sprengiefninu í verð:

Á reynslulausn og stal dínamíti

LÖGREGLUMÁL Sprengiefnið sem var stolið úr tveimur rammgerðum gámum í Þormóðsdal ofan við Hafravatn á dögunum fannst við húsleit í Hafnarfirði og Kópavogi seint í fyrrakvöld.

Karlmaður um þrítugt, sem á langan brotaferil að baki, var handtekinn og hefur hann játað sök. Fullvíst þykir að hann hafi verið einn að verki og ætlað að koma sprengiefninu í verð. Umræddur maður er margdæmdur brotamaður. Einkum er um að ræða þjófnaðarbrot, umferðarlagabrot og brot gegn lögum um

ávana- og fíkniefni. Hann var á reynslulausn þegar hann stal sprengiefninu og rauf þar með skilorð. Er áætlað að leitast við að koma honum beint í afplánun á eftirstöðvum refsingarinnar.

Lögreglan telur sig hafa endurheimt allt sprengiefnið sem stolið var og hefur því verið komið fyrir á öruggum stað, en meðferð þess er stórhættuleg þeim sem ekki kunna með það að fara.

Lögreglan fór nokkrar húsleitir í leitinni að sprengiefninu, en við aðgerðirnar naut hún aðstoðar sersveitar ríkislögreglustjóra. - jss



LÖGREGLAN Lögreglan endurheimti sprengiefnið.

Kærður fyrir að bera mann röngum sökum

Hæstaréttardómarinn Árni Kolbeinsson taldi að varðstjóri Selfosslögreglunnar hefði brotið af sér með því að láta skilja ungan mann eftir í sumarbústaðalandi Árna og síðar illa klæddan á fáförnum vegi. Héraðsdómari var á allt öðru máli.

DÓMSMÁL Árni Kolbeinsson hæstaréttardómari lagði í fyrrasumar fram kærú á hendur Svani Kristinssyni, lögregluvarðstjóra á Selfossi, fyrir „afglöp í starfi“.



ÁRNI KOLBEINSSON

Samkvæmt kærinni taldi Árni Svan hafa brugðist þegar hann sótti ungan og ódælan mann að sumarbústað dómarsins og yfirgaf síðan vettvang án þess að athuga hvort fleiri ofbeldismenn væru á staðnum, rannsaka vettvanginn og líðan þeirra sem þar voru og skilja manninn svo eftir illa klæddan að næturlagi á fáförnum vegi.

Þessi kæra hefur nú orðið Svani tilefni til að kæra Árna á móti fyrir rangar sakargiftir, enda var hann fundinn sýkn af ákæru vegna málsins í héraðsdómi.

Forsaga málsins er sú að lögreglumenn á vakt tóku mann um títugt af útihátíð í Galtalæk í júlí í fyrra og óku honum út fyrir mótssvæðið, þar sem hann hafði verið drukinn og ítrekað ónáðað lögreglumenn sem voru við störf. Maðurinn var skilinn eftir í námunda við sumarbústað í Landsveit, um fjóra kílómetra frá mótssvæðinu.

Hann tók að láta ófrieðlega, banka og síðan sparka í dyr sumarbústaðarinnar, þar sem Árni var húsráðandi. Hringt var í lögreglu, sem kom og tók piltinn, ók honum í átt



LENGI TÍÐKAST Í niðurstöðu héraðsdóms segir að verklagið hafi allt verið ákveðið í höfuðstöðvum lögreglunnar á Selfossi áður en vaktin hófst. Lengi hefði tíðkast að „kæla“ ódæla menn niður með því að aka þeim nokkurn spöl frá kemmtanasvæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

á mótssvæðinu og skildi hann eftir 500 til 600 metra frá því.

Árni kærði sem áður segir málið og í kjölfarið gaf embætti ríkissaksóknara út ákæru á hendur Svani.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að Svanur hafi ekki gefið fyrirmæli um að aka þessum tiltekna pilti af svæðinu ólíkt því sem sagði í ákæru. Lögreglulið hafi í upphafi vaktar sammælt um vægustu úrræði; að menn skyldu fjarlægðir og vísað burt ef þeir væru til vandræða sökum ölvunar, en slíkt hefði viðgengist í lögreglunni lengi. Varðstjóri hefði einungis gefið almennt fyrirmæli um það verklag, en ekki hefði

verið leitað samþykkis hans áður en unga manninum var ekið af svæðinu.

Þá kom fram að fimm til sex þúsund manns hefðu verið á mótssvæðinu en sjö til átta lögreglumenn. Binda hefði þurft tvo lögreglumenn í bíl til að aka unga manninum 70 kílómetra leið á lögreglustöð á Selfossi. Slíkt hefði verið á mælisvert af hálfu varðstjórans, sagði dómurinn, sem taldi hann hafa tekið rétta ákvörðun. Loks taldi hann að unga manninum hefði engin hætta hafa verið búin, þar sem hann hefði verið vel klæddur og komist á puttanum aftur á mótssvæðið. jss@frettabladid.is

Íslenska reðasafnið flytur:

Flestir reðrarnir komnir í gám

SAFNAMÁL Nú stendur yfir reðraburður í Hlíðufelli á Húsavík en Hlíð íslenska reðasafn verður flutt frá Húsavík til Reykjavíkur og er áætlað að það verði opnað á nýjum stað á Laugavegi 116 í nóvember.

Hjörtur Sigurðsson og Sigurður Hjartarson, sem hafa annast utanumhald á safninu, standa í stórræðum við flutninga. Skarpur.is greinir frá því að safngripirnir séu flestir komnir í gám og aðeins þeir stærstu og þyngstu eftir í húsi. - shá

Drykkjulæti Íslendinga í Alta:

Óróaseggir frá Sögueyjgunni

NOREGI Innrás frá Sögueyjgunni skrifaði Altaposten í Noregi vegna drykkjulatá fjögurra Íslendinga í Alta aðfaranótt laugardags.

Tveir Íslendingar eru sagðir hafa lent í átökum við gest á veitingastað. Gesturinn nefbrotnaði og þegar lögreglan kom á staðinn var annar Íslendinganna þar enn. Sá var beðinn um að yfirgefa staðinn en þar sem hann hlýddi ekki var honum stungið inn.

Síðar um nóttina var tilkynnt um slagsmál á öðrum veitingastað. Þremur Íslendingum, sem ekki vildu fara út þegar búið var að loka, lenti saman. Tveir þeirra höfðu áður verið beðnir um að fara úr miðbænum. Öllum þremur var stungið inn. - ibs

VESTMANNAEYJAR

Reisa 140 herbergja hótél

Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjabæ og Sextíu plús ehf. komust að samkomulagi í gær að stefnt verði að byggingu allt að 140 herbergja hótels í Hásteinsgryfju. Breyta þarf aðal skipulagi samhliða breytingum á gildandi á deiliskipulagi.

SAMGÖNGUR

Primera Air snýr aftur

Primera Air mun bjóða upp á ferðir frá Íslandi á næsta ári. Þegar hefur verið ákveðið flug til þriggja áfangastaða. Flugið verður vikulega til Billund í Danmörku, Malaga á Spáni og til Tenerife á Kanaríeyjum.

REYKJAVÍK

Ellý verður borgarritari

Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra að ráða Ellý Katrínu Guðmundsdóttur, sviðsstýru Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar í stöðu borgarritara.



TILBOÐ 695 KR

Voltaren Dolo
Dolo 25 mg
Diclofenac. kal.
Verkjastillingi og bólgueyðandi

Voltaren Dolo
á aðeins 695 kr. pakkinn til 15. nóvember


SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

VEÐURSPÁ



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	24°
Berlín	15°
Billund	12°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	29°
London	20°
Mallorca	27°
New York	22°
Orlando	29°
Ósló	11°
París	21°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

KRAFA BÚSÁHALDABYLTINGARINNAR VAR OG ER NÝ STJÓRNARSKRÁ



Ljósmynd: Jóhann Smári Karlsson

Þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá!

Frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá verði kynnt vandlega fyrir íbúum landsins. Kjósendur fá að segja álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Komi Alþingi saman frumvarpi að nýrri stjórnarskrá, þá verði kosið á milli þess frumvarps og frumvarps Stjórnlagaráðs.

Árið 1944 var því heitið að stjórnarskráin skyldi endurskoðuð frá grunni strax að fengnu sjálfstæði þjóðarinnar. Stjórnmaflokkanir hafa ekki staðið við fyrirheitið, heldur vanrækt stjórnarskrána til mikils skaða fyrir land og þjóð. Í RÚV þann 25. nóvember 2010 sagði Eiríkur Tómasson, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, um áhrif og ástæður vanrækslunnar:

„Valdið hefur safnast á hendur ríkisstjórnarinnar eða ráðherranna, og fyrst og fremst oddvita stjórnarflokkanna ... Stjórnmaflokkanir byggja völd sín á þessum miklu völdum ... Stjórnmalamennirnir hafa, einhverra hluta vegna, ég held reyndar af ásettu ráði, ekki viljað breyta þessu ...”

Endurskoðunin varð aldrei því flokkarnir tóku eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni íbúa landsins. Nóg er komið af því!



Hinsi Alþingi rétt landsmanna til að taka afstöðu til frumvarps Stjórnlagaráðs, mun Borgarahreyfingin tryggja að haldin verði atkvæðagreiðsla meðal þjóðarinnar eða þjóðfundur um frumvarpið.

TAKIST ÍSLENDINGUM AÐ GERA FRUMVARP STJÓRNLAGARÁÐS AÐ STJÓRNARSKRÁ SINNI

- munu almennir kjósendur ráða meiru en stjórnmaflokkanir um það hverjir taka sæti á Alþingi.
- verður komið á kvótakerfi sem virðir almenn mannréttindi og staðfestir að fiskimiðin við Ísland eru eign allra íbúa landsins en ekki örfárar útgerðarféлага.
- verður lagður grunnur að faglegri stjórnsýslu í landinu, stjórnsýslu sem þjónar almenningi en ekki sem verkfæri stjórnmaflokka til þess að útteila gæðum.
- verður stuðlað að opinni og upplýstri stjórnmálaumræðu, valddreifingu, gegnsæi og ábyrgð.
- verður staðfest að náttúra Íslands og sameiginlegar auðlindir eru á ábyrgð okkar allra og þær beri að nýta til hagsældar, jafnt fyrir okkur sem nú lifum og komandi kynslóðir.
- opnast almennum kjósendum lýðræðislegir möguleikar til þess að móta og þróa íslenskt samfélag eftir óskum sínum og hugsjónum.

KJÖRKASSINN

Pekkir þú einhvern sem hefur verið lagður í einelti?

Já

89,7%

Nei

10,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að Karl Sigurbjörnsson biskup eigi að segja af sér?

Segðu þína skoðun á vísiris

METANBÍLARNIR Jón Gnarr borgarstjóri tók við fyrstu þremur metanbílum borgarinnar í gær.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Borgin metanvæðir bílana:

Fyrstu þrír af 49 afhentir

REYKJAVÍK Fyrstu þrír metanbílar Reykjavíkurborgar voru afhentir í gær. Eins og fram hefur komið tóku yfirvöld þá ákvörðun fyrr á árinu að metanvæða allan bílaflotann sinn.

Bílarnir sem afhentir voru í gær eru af gerðinni Hyundai i10 og tók borgarstjóri á móti þeim fyrir framan Ráðhús Reykjavíkur í Tjarnargötu. Alls hefur Reykjavíkurborg fest kaup á 49 smábílum af þessari tegund eftir útboð. Heildarkostnaður við kaupin er um 100 milljónir króna.

- sv

EFNAHAGSMÁL

Jákvæð vöruskipti

Vöruskipti við útlönd í september voru jákvæð um 15,5 milljarða króna, reiknuð á fob-verðmæti. Fluttar voru út vörur fyrir 62,5 milljarða og inn fyrir 47 milljarða króna. Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands.

Krabbameinsfélagið

HUGSUNIN UM ÓFÆDDA BARNIÐ OKKAR FYLLTI MIG BARÁTTU HUG

www.bleikaslaufan.is

6

FRÉTTABLAÐID

11. október 2011

ÞRIÐJUDAGUR

Ögmundur Jónasson flutti skýrslu um stöðu mannréttinda á Íslandi hjá Sameinuðu þjóðunum: Réttindi fatlaðra ofar réttindum eignafólks

MANNRÉTTINDAMÁL Mannréttindi hafa á undanförnum árum verið skilgreind í of miklum mæli út frá markaðslögmálum og eignarétti og það hefur komið niður á almannahagsmunum. Þetta sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra þegar hann flutti skýrslu um stöðu mannréttinda á Íslandi hjá vinnuhópi Sameinuðu þjóðanna í Genf í gær.

„Þegar við stöndum frammi fyrir vali milli þess að setja eignir og fjárhagsleg réttindi í forgang eða réttindi fatlaðra og annarra sem standa höllum fæti mæli ég með því að við veljum hið síðara,“ sagði Ögmundur.

„Á heildina litið held ég að fullyrða megi að staðan sé nokkuð góð,“ sagði Ögmundur. Hins vegar hefðu Íslendingar staðið frammi fyrir ýmsum áskorunum í kjölfar efnahagshrunsins.

Hann vék að Búsáhaldabylt-ingunni í janúar 2009 og sagði að hún væri áminning um óskoradán rétt fólks til að koma saman og mótmæla og standa vörð um velferðarkerfi sitt. Sá réttur þyrfti að vera í hávegum hafður hvarvetna í heiminum.

Ögmundur varði drjúgum hluta ræðu sinnar í umfjöllun um kynjamisrétti, ekki síst heimilis- og kynferðisofbeldi gegn konum. Hann sagði að þökk sé ósérhlífni íslenskra kvenréttindasamtaka væri slíkt ofbeldi ekki falið hér á landi heldur rætt opinskátt.

- sh

ÖGMUNDUR JÓNASSON Sagði það rétt allra íbúa heimsins að mótmæla.

Karlmaður ákærður:

Var með barnaklám í tölvunni

DÓMSMÁL Ákæra vegna barnaniðsmynda hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjaness. Hinn ákærði, karlmaður um fimmtugt, játaði sök og var málið tekið til dóms.

Það var ríkissaksóknari sem ákærði manninn. Hann var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa haft í vörslu sinni á Hewlett Packard-tölvu 174 ljósmyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

- jss

Vaðlaheiðargöng nálgast:

Sex fyrirtæki fá að gera tilboð

SAMGÖNGUR Tilboð í gerð Vaðlaheiðarganga verða opnuð í húsnæði Vegagerðarinnar í dag. Sex óskuðu eftir að fá að gera tilboð og reyndust allir til þess hæfir.

Fjögur tilboðanna eru frá íslenskum aðilum: ÍÁV, Ístaki, Suðurverki og Norðurverki Íslandi. Eitt tilboð er frá dönsku fyrirtæki og annað frá norsku fyrirtæki. Vaðlaheiðargöng, milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, verða rúmir sjö kílómetrar að lengd og tæpir tíu að breidd. Steinsteyptir skálar eru 320 metrar og vegir fjórir kílómetrar. Áætlaður kostnaður losar tíu milljarða króna.

- shÁ

Ólafur semur um 100 milljarða skuldir

Arion banki eignast þriðjung í HB Granda og Kjarar hættir við málaferli vegna gjaldmiðlaskiptasamninga, samkvæmt skuldauppgjöri sem samið hefur verið um. Bankinn sá ekki ástæðu til krefjast riftunar neinna ráðstafana félagsins.

VIÐSKIPTI Eignarhaldsfélagið Kjarar, sem er að 94 prósentum í eigu Ólafs Ólafssonar í Samskipum, hefur náð samningum við lánardrottina sína um skuldir sem nema um 100 milljörðum.

Í samningunum felst að helsti lánardrottinn félagsins, Arion banki, tekur yfir einu eign Kjarars, þriðjungshlut í HB Granda. Þá fellur Kjarar jafnframt frá dómsmáli sem risið hafði um virði gjaldmiðlaskiptasamninga sem síðast voru framlengdir í miðju bankahruni.

Kjarar skuldaði Arion banka stórfé við hrundið, um 77 milljarða af hundrað milljarða heildarskuldum. Á hinn bóginn töldu forsvarsmenn Kjarars sig eiga inni fé hjá Arion banka vegna gjaldmiðlaskiptasamninga sem ágreiningur var um á hvaða gengi skyldi gera upp.

Arion banki vildi gera samningana, samtals um 653 milljónir evra, upp á genginu 149, eins og kveðið var á um með lögum frá vorinu 2009, sem hefði þýtt að heildareignir Kjarars að uppgærdum samningunum næmu um 30 milljörðum.

Forsvarsmenn Kjarars töldu hins vegar að gera ætti samningana upp á markaðsgengi evrunnar á uppgjörsdegi, 14. október 2008. Þá hefði verið hægt að selja evrur á 305 krónur og hefðu samningarnir verið gerðir upp á því gengi hefði Kjarar átt fimm til tíu milljarða eignir umfram skuldir.

Iða Brá Benediktsdóttir, upplýsingafulltrúi Arion banka, sagði í samtali við Vísi í gær að mála-reksturinn hefði getað tekið nokkur ár og endað með því að Arion banki fengi ekkert í sinn hlut. Með samkomulaginu hefði bankinn því

EKKERT ÓEÐLILEGT Athugun Arion banka á rekstri Kjarars frá því fyrir hrún leiddi ekkert óeðlilegt í ljós, að sögn bankans.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Á enn Samskip ásamt stjórnendum

Þriðjungshlutur í HB Granda var eina eign Kjarars. Kjarar átti áður 90 pró-senta hlut í Samskipum en eftir endurskipulagningu með liðsinni Arion banka fóru Samskip í eigu nýs félags, SMT Partners, sem er í eigu Ólafs og ýmissa stjórnenda Samskipa.

Þá átti Kjarar einnig félagið Eglu og í gegnum það var Ólafur stærsti hluthafinn í Kaupþingi fyrir hrún, átti stóran hlut í Existu og kjölfestuhlut í drykkjavöru-framleiðandanum Alfesca. Egla fór í gegnum nauðasamninga haustið 2009 og er nú í eigu kröfuhafa.

til að vernda hagsmuni sína og tryggja verulegar endurheimtur.

Iða sagði jafnframt að áður en samkomulagið hefði verið klárað hefði bankinn lagst í rannsóknir á rekstri Kjarars frá ársbyrjun 2008

Eignatekjur lækkuðu um 55 prósent milli ára 2009 og 2010:

Kaupmáttur lækkar um 13 prósent

EFNAHAGSMÁL Ráðstöfunartekjur á mann drógust saman um 7,9 prósent milli ára 2009 og 2010 og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 12,6 prósent. Heildartekjur heimilanna drógust saman um 3,6 prósent á sama tíma. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Ráðstöfunartekjur heimilanna lækkuðu um 8,2 prósent á milli ára.

Eignatekjur, en það eru þær tekjur sem hægt er að ráðstafa án þess að gengið sé á efnahaginn, lækkuðu í heild um 55 prósent, miðað við verðlag hvors árs. Það eru mestu breytingar í einstökum liðum ráðstöfunartekna heimilanna.

- kóp

Próun ráðstöfunartekna heimilanna og kaupmáttur á mann 1994-2010

Ár	Ráðstöfunartekjur (Milljónir króna)	Kaupmáttur (Breyting frá fyrra ári, %)
'94	0.8	0
'95	0.8	1
'96	0.8	2
'97	0.8	3
'98	0.8	4
'99	0.8	5
'00	0.8	6
'01	0.8	7
'02	0.8	8
'03	0.8	9
'04	0.8	10
'05	0.8	11
'06	0.8	12
'07	0.8	13
'08	0.8	14
'09	0.8	15
'10	0.8	16

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS



VW Touareg R5 TDi
Árgerð 2005, dísel
Ekinn 115.000 km, sjálfskiptur

Dráttarbeisli, leðurinnrétting, loft-
púðafjöðrun, lykillaut aðgengi Xenon

Ásett verð
3.990.000,-

NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af
gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



VW Golf Trendl 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.500 km, beinsk.

Ásett verð
2.890.000,-



VW Passat Comfort
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 75.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.790.000,-



VW Polo Comfort 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 44.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-



Audi Q7 4,2
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 60.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
7.990.000,-



MM Lancer Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 44.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.840.000,-



VW Polo Trendline 1,2
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 36.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.790.000,-



Audi TT
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 26.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
4.990.000,-



BMW 318i S/D E90
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 11.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
4.850.000,-



Hyundai i30
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 36.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.150.000,-



Toyota Land Cruiser 100
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
4.690.000,-



Hyundai Tucson V6
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 62.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
1.990.000,-



Hyundai i10
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 34.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
1.390.000,-



**NOTAÐIR
BÍLAR**

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Kíkið inná:

heklanotadirbilar.is



- 1 Hversu margir eru á listanum yfir samfélag gyðinga á Íslandi?
- 2 Í hvaða dal hyggst BootCamp opna líkamsræktarstöð?
- 3 Hver er framkvæmdastjóri Spurningakeppni grunnskólanna?

SVÖR:

3. Hannes Dadi Haraldsson.
1. 90. 2. Elliðaárdalur.

Tveir hagfræðingar fá Nóbél: Áhrif efnahags-úrræða könnuð

SVÍPJÓÐ, AP Tveir bandarískir hagfræðingar, Thomas J. Sargent og Christopher A. Sims, fá Nóbels-verðlaunin í hagfræði í ár. Þeir hljóta verðlaunin fyrir rannsóknir sem þeir gerðu fyrir þremur til fjórum áratugum á orsakasam-



CHRISTOPHER A. SIMS

henginu milli efnahags-úrræða stjórnvalda og ástands efnahagslífsins. Sims sagðist telja að aðferðirnar sem þeir hafa notað og þróað gætu hjálpað til við að finna leiðir út úr kreppunni sem nú hrjáir efnahag Vesturlanda.

- gb

Aparóla á Klambratúni var orðin að slysagildru vegna trosnaðs vírs:

Hættulegt leiktæki strax lagað

SAMFÉLAGSMÁL „Framleiðandi leiktækisins fór strax í morgun til að kanna ástand þess. Það var greinilega eitthvað að vörnum og hann verður strax lagaður. Þetta var nýtt tæki sem sett var upp á Klambratúni í fyrravetur,“ sagði Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, í gær.

Steinn Þórhallsdóttir, formaður Íbúasamtaka Hlíða, Holta og Norðurmýri, sagði þá í viðtali við Fréttablaðið að aparóla á leikvelli túsins væri hættuleg vegna trosnaðs vírs. Hún sagði jafnframt að eitt helsta vandamálið við leikvöllinn

væri hversu nálægt Miklubrautinni hann væri. Þórólfur getur þess að ekki standi til að færa leikvöllinn, sem hann segir vera í um 60 metra fjarlægð frá Miklubrautinni, nær Kjarvalsstöðum eins og íbúasamtökin hafi lagt til.

„Það er ráðgert að byggja nýja leikaðstöðu við Kjarvalsstaði. Við vonumst til þess að fá fjárveitingu til þess að hægt verði að klára verkið á næsta ári. Það hafa komið fram hugmyndir um að leikvöllurinn þar verði ekki hefðbundinn, heldur komi listamenn að gerð leiktækjanna.“

- ibs



NÝ LEIKAÐSTAÐA Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri segir að ný leikaðstaða verði gerð við Kjarvalsstaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jafnréttisdagar í Háskólanum:

Jafnréttismál í víðari skilningi

JAFNRÉTTISMÁL Jafnréttisdagar Háskóla Íslands hefjast á fimmtudaginn. Er þetta þriðja árið í röð sem efnt er til Jafnréttisdaga í skólanum.

Í tilkynningu frá HÍ segir að markmiðið með Jafnréttisdögum sé að stuðla að fræðslu og aukinni umræðu og skilningi á jafnréttismálum og gera með því jafnréttismál sýnilegri. Ókeypis er á alla viðburði og eru þeir opnir öllum.

Fyrirlestrar, listsýningar og fleira verða frá 13.-27. október víðs vegar um borgina.

- sv

Fjórir sóttu um dómarasæti:

Benedikt Bogason í Hæstarétt

STJÓRNSÝSLA Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur sett Benedikt Bogason dómstjóra í embætti dómara við Hæstarétt Íslands frá og með 1. nóvember 2011 til og með 31. desember 2014.



BENEDIKT BOGASON

Umsækjendur auk Benedikts voru Guðjón Ólafur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Ingimundur Einarsson héraðsdómari og Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri. Dómnafnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti dómara mat Benedikt hæfastan umsækjenda til að hljóta setningu.

- shá

Reglulegar siglingar gætu hafist næsta ár

Norræn skipafélög gera sér vonir um að geta hafið reglubundnar siglingar milli Evrópu og Asíu um Norðausturleiðina á næsta ári. Sparar mikinn tíma og fjármuni. Tækifærum fjölga eftir því sem íshellan á norðurskautinu hopar.

Bráðnun íss opnar Norðausturleiðina

Norræn skipafélög telja að á næsta ári verði jafnvel hægt að hefja reglubundnar ferðir milli Evrópu og Asíu um hina svokölluðu Norðausturleið.

1. **Ulsan** í Suður-Kóreu
2. **Vladivostok** í Rússlandi
3. Hafnarborgin **Novy Múrmansk** í Rússlandi þar sem Norðausturleiðinni lýkur formlega.
4. **Rotterdam** í Hollandi, sem er helsti áfangastaður vöruflutningaskipa frá Asíu.



Frá Suður-Kóreu:
■ Norðurleið: 8.700 sjómílar
■ Suðurleið: 12.500 sjómílar

HEIMILD: GRAPHIC NEWS

Aukin umsvif

Talsverð aukning hefur þegar orðið í umferð skipa um Norðausturleiðina. Þannig hafa kjarnorkunúrir ísbjörtar fengið fimmtán pantanir um að fylgja skipum þessa leið, það sem af er ári, í samanburði við fjórar pantanir allt síðasta ár.

Sérfræðingar frá Kanada og Bandaríkjunum telja að um tvö prósent af öllum skipaflutningum heimsins muni fara um norðurheimskautið árið 2030 og hlutfallið gæti farið upp í fimm prósent árið 2050.

HEIMILD: GUARDIAN

hópar hafa meðal annars bent á að útblástur koltvíoxíðs gæti aukist og enn flýtt fyrir hlýnun jarðar. Þá sé hætta á alvarlegum mengunarslysum með aukinni skipaumferð.

Margir hér á landi hafa séð tækifæri til uppbyggingar ýmiss konar aðstöðu vegna vöruflutninga frá Asíu til Evrópu og

Norður-Ameríku. Fátt eitt er þó í hendi eins og er, og segja skipafélögin að til þess að ferðirnar geti hafist af fullum krafti þyrfti að byggja flutningaskip sem væru styrkt sérstaklega til að sigla um hafsvæði þar sem ís væri fyrir og nú sé enn ekki farið að byggja skip sérstaklega fyrir þessa leið.

thorgils@frettabladid.is

Nýr Þjóðarpúls Gallup sýnir meiri óánægju með störf Jóns Gnarr:

Besti fær fylgi á kostnað VG

SAMFÉLAGSMÁL Ánægja landsmanna með störf Jóns Gnarr sem borgarstjóra hefur dvínað töluvert á milli ára. Nær helmingur svarenda í nýjasta Þjóðarpólsgallup er óánægður með störf borgarstjórans, eða um 48 prósent.

Þrír af hverjum tíu eru hvorki óánægðir né ánægðir og um 21 prósent er ánæggt með störf hans. Á sama tíma í fyrra voru um 17 prósent óánægð með Jón Gnarr sem borgarstjóra. Í Þjóðarpólsgallup kom fram að meðal Reykvíkinga eru um 52 prósent óánægð með störf Jóns Gnarr og um 24 prósent ánægð. Karl-er eru frekar ánægðir en konur, og ánægjan eykst eftir því sem svarendur eru yngri.

Fylgi Besta flokksins hefur aukist síðan í mars á þessu ári um nær fjögur prósentustig. Segjast nú um 23 prósent svarenda myndu kjósa Besta flokkinn, færu sveitarstjórnarkosningar fram í dag. Fylgið eykst á kostnað Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, en fylgi við flokkinn dregst saman um

Flestir myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn

Flokkur	Borgarstjórn	Alþingi
Sjálfstæðisflokkur	39%	36%
Besti flokkurinn	23%	
Samfylking	21%	22%
Vinstri græn	10%	14,5%
Framsóknarflokkur	2%	15,5%
Hreyfingin Annað	5%	3%
		9%

Heimild: Þjóðarpúls Gallup

þrjú prósentustig. Nær 39 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Óverulegar breytingar eru á fylgi flokkanna á landsvísu milli kannana en þar fær Sjálfstæðisflokkurinn einnig mesta fylgið, eða um 36 prósent.

Svarhlutfall í könnuninum var um 60 prósent.

- sv

FASTUS

Getur þú bjargað mannlífi?

Sjálfvirk hjartastuðtæki, örugg og einföld í notkun með íslensku tali.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Aratún 23 – Garðabæ

OPIÐ HÚS Í DAG, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17. - 18.



Fallett um 173,3 fm einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 38,3 fm. bílskúr í grónu hverfi í Garðabænum. Rúmgóð stofa með aukinni lofthæð og útsýni til sjávar. Sólskáli með arni og útgangi á verönd og lóð. Eldhús með rúmgóðu þvottaherbergi innaf. 3 herbergi (4 á teikn.). Ræktuð lóð með hellulagðri verönd og heitum potti. Gróðurhús á lóð. Verð 42,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag, verið velkomin. Sölumaður verður á staðnum.

Ráðstefna í Hörpunni

Fimmtudaginn 13. október kl. 9-12.

Er þitt fyrirtæki næst?



Ábyrgð stjórnenda á upplýsingaöryggi

Viðkvæmustu upplýsingar fyrirtækja eru geymdar í upplýsingakerfum þess. Innbrot í fjárhagskerfi eða tölvupóst forstjóra geta valdið ómældu tjóni. Landamæri skipta engu máli þegar netógnir eru annars vegar. Sérfræðingar Capacent og Deloitte í upplýsingaöryggi fjalla um netógnir, tölvuglæpi og veikleika upplýsingakerfa og hvaða afleiðingar slíkt getur haft fyrir fyrirtæki, rekstrarhæfi þeirra, **ímynd og orðspor**, fjárhagslega afkomu og til hvaða aðgerða hægt er að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum slíkra atvika á hag fyrirtækja. Meðal annars verður fjallað um árásir á fjárhagskerfi, innbrot í símstöðvar, fjársvik með aðstoð upplýsingakerfa og hvernig hægt er að nálgast **trúnaðarupplýsingar** í tölvupósti stjórnenda.



kl. 09.00 Setning - Þorvarður Gunnarsson, forstjóri Deloitte

kl. 09.15 **Hættan er raunveruleg:**

Hversu berskjölduð eru íslensk fyrirtæki gagnvart netógnum?

Theodór R. Gíslason, ráðgjafi í upplýsingaöryggi hjá Capacent



kl. 09.45 **Fjárhagslegt tjón, löskuð ímynd:**

Afleiðingar tækniógna fyrir rekstur fyrirtækja

Tryggvi R. Jónsson, ráðgjafi í upplýsingaöryggi hjá Deloitte



kl. 10.15 Kaffi og veitingar

kl. 10.30 **Er hægt að verjast?**

Hvernig draga má úr áhættum af netógnum

Ólafur R. Rafnsson, ráðgjafi í upplýsingaöryggi hjá Capacent



kl. 11.00 **Þetta getur komið fyrir þig!**

Reynslusögur íslenskra stjórnenda sem hafa orðið fyrir netárásum;

CCP og Promennt

kl. 11.40 Ráðstefnulok og samantekt - Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi.

Ráðstefnan er haldin í Hörpunni (Kaldalóni), fimmtudaginn 13. október kl. 9-12.

Þátttökugjald kr. 9.900. Skráning fer fram á www.promennt.is eða í síma 519-7550.

GOTT FYRIR BÍLINN

Ryk/blautsuga
15 lítrar HKV 1000w
18.900

Black&Decker
háþrýstidæla
110 bar
15.900
1400W
360 min/lit/klst
Polir 50C heitt vatn
5 metra barki
Sápubox

Deka Tjörü- og olíu-
hreinsir 4 lítrar
1.550

Rúðuvökvi -18°C
4 lítrar
540

TIA-JM-3340
Bílþvottakústur
1.795



MÚRBÚÐIN

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

— Afslátt eða gott verð? —

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

LAGERTILTEKT



- Aladínboxur 2000
- Peysur 2000
- Toppar 2000
- Kjólar 2000
- Skokkar 5000
- Gallabuxur háar í mittið 5000
- Gallapils 5000
- Úlpur 9000
- Ullarkápur 9000

og margt, margt fleira á ótrúlegu verði



Laugaveg 54,
sími: 552 5201

f Við erum á Facebook

FRÉTTIR VÍSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi



Meira sjónvarp, meira útlit, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísir.

vísir

Koptíska kirkjan gagnrýnir bráðabirgðastjórn hersins í Egyptalandi:

Lætur árásum á kristna órefsað

EGYPTALAND, AP Koptíska kirkjan í Egyptalandi gagnrýndi stjórnvöld harðlega fyrir að láta endurteknunum árásum á kristna menn líft eða ekki refsað.

Óeirðir í Kaíró aðfaranótt mánu dags kostuðu hátt í þrjátíu manns lífið, en flestir þeirra voru kristnir menn sem hugðust efna til friðsamlegra mótmæla vegna árásar á kirkju.

Shenuda þriðji, páfi koptísku kirkjunnar, lýsti í gær yfir þriggja daga sorg með bænnum og föstuhaldi frá þriðjudegi til fimmtudags. Hann sá einnig í gær um

útfarir nokkurra þeirra sem létu lífið í átökunum.

Átök kopta og múslima um helgina eru þau verstu í landinu síðan stjórn Hosni Mubarak var steypt af stóli snemma árs. Koptar eru um það bil tíu prósent landsmanna, eða átta milljónir af alls áttatíu milljónum íbúa Egyptalands. Um þúsund koptar höfðu komið sér fyrir í miðborg Kaíró fyrir utan byggingu ríkissjónvarpsins við Nílarbakka. Þeir segja fjölmennan hóp fólks hafa ráðist á sig. Lögreglan blandaði sér fljótlega í átökin og meðal



KISTUR Í RÖÐUM Hinir látnu voru jarðsunnir í gær. NORDICPHOTOS/AFP

hinna látnu eru að minnsta kosti þrír lögreglumenn. Minni átök brutust út í gær fyrir utan sjúkrahús, þar sem hluti hinna særðu lá til aðhlynnar. - gb

Gæðastimpill fyrir allt fræðasamfélagið

Gæði rannsóknastarfs eiga stærstan þátt í því að Háskóli Íslands er kominn á lista með bestu háskólum heims. Gæði kennslu vega einnig þungt í valinu. Árangurinn auðveldar HÍ að leita samstarfs meðal bestu háskóla í heimi.

MENNTAMÁL Háskóli Íslands hefur náð í fyrsta sinn inn á matslista Times Higher Education Supplement (THE) um bestu háskóla heims. Skólinn er metinn í hópi 300 bestu af rúmlega sautján þúsund háskólum sem til greina koma við matið.

Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs HÍ, segir að mat THE skiptist í nokkra flokka, en kennsla og rannsóknir séu þar veigamestar. „Sá flokkur sem skiptir okkur mestu máli er tilvitnanir vísindamanna annars staðar í heiminum í verk vísindamanna við Háskóla Íslands. Þeim hefur fjölgað um rúmlega 100 prósent á síðustu fimm árum. Þetta sýnir og sannar að áhrif vísindamanna við skólann séu mjög mikil. Mælikvarði á gæði rannsókna er áhrif þeirra og það ber að skoða í þessu samhengi.“

Halldór segir jafnframt greinilegt að sérstök könnun sem sé gerð meðal háskólanna skipti miklu máli. Sú könnun taki bæði til kennslu og rannsókna og sanni að orðspor íslenskra vísinda- og fræðasamfélagsins sé sterkt. Aðrir þættir sem skipti ekki eins miklu séu til dæmis hversu vel Íslendingum hafi gengið að afla fjármuna úr erlendum samkeppnissjóðum.

Halldór segir að listi THE sé nýttur á ýmsan hátt enda gefinn út af mjög virtu bresku tímariti. Nemendur styðjast við listann þegar komi að vali á skóla en fyrir HÍ liggja mikilvægið í því að listinn auðveldi mjög að leita samstarfs um rannsóknir við bestu háskóla heims. „Það skiptir miklu að vera í þessum úrvalshópi, því hvernig sem á það er litið er þetta eins og að komast upp í úrvalsdeild.“



HÁLEITT MARKMIÐ Í janúar 2007 undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir rektor og þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, samning um aukafjárframlag til skólans. Þá var kynnt það markmið að koma HÍ á lista 100 bestu, sem þótti frekar bratt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Sá flokkur sem skiptir okkur mestu máli er tilvitnanir vísindamanna annars staðar í heiminum í verk vísindamanna við Háskóla Íslands. Þeim hefur fjölgað um rúmlega 100 prósent á síðustu fimm árum.“

HALLDÓR JÓNSSON
SVIÐSTJÓRI VÍSINDASVIÐS HÍ

Öflug tengsl og samstarfsverkefni sem HÍ á með innlendum og erlendum fyrirtækjum og stofnunum spila stórt hlutverk.

Stærstur er Landspítalinn í því samhengi, Íslensk erfðagreining, Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum, Hjartavernd, Matís og Hafrannsóknastofnunin svo fáeinir innlendir aðilar séu nefndir. „Við birtum greinar saman í bestu vísindatímaritum heims sem teljast báðum aðilum til tekna. Þetta er því gæðastimpill fyrir fræðasamfélagið íslenska í stærra samhengi. Reyndar er mjög hátt hlutfall greina frá Háskóla Íslands birt í sterkustu tímaritunum. Það skýrir hversu mikið er vitnað til okkar rannsókna, sem enn og aftur auðveldar okkur að tengjast þeim bestu með framtíðarsamstarfi í huga.“

svavar@frettabladid.is

Telur hagkvæmt að lífeyrissjóðirnir láni ríkinu fyrir kaupum á björgunarþyrlum:

Lífeyrissjóðir láni fyrir þyrlum

LANDHELGISGÆSLAN Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmteknimanna, hefur lagt til að lífeyrissjóðirnir láni ríkinu fé fyrir kaupum á tveimur björgunarþyrlum. Þyrlurnar yrðu síðan leigðar til Landhelgisgæslunnar í tíu ár en þá myndi ríkið eignast þyrlurnar. Guðmundur telur að lífeyrissjóðirnir, Landhelgisgæslan og landsmenn allir myndu njóta góðs af ráðahagnum.

„Ég er að leggja til að farin yrði svipuð leið og menn hafa rátt um í sambandi við vegagerð. Það yrði búið til fjársýslufyrirtæki sem tæki lán hjá lífeyrissjóðunum og keypti þyrlurnar. Fyrirtækið myndi síðan lána þyrlurnar til Landhelgisgæslunnar og ríkis-

sjóður greiða af skuldabréfinu,“ segir Guðmundur og bætir við að fara þurfi þessa leið þar sem lífeyrissjóðum er ekki heimilt að reka slíkt fyrirtæki.

Landhelgisgæslan á og rekur þyrluna TF LÍF og hefur þyrluna TF GNÁ á leigu til ársins 2014. Samkvæmt útreikningum Guðmundar myndi leiga á tveimur nýjum þyrlum kosta ríkið 36,57 milljónir á mánuði en ríkið greiðir nú 24,15 milljónir fyrir eina þyrlu. Guðmundur hefur verið að kynna tillöguna um nokkra hríð og meðal annars fundið með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra um málið. Hann hafi hins vegar ekki brugðist við tillögunni.

- mþl



LANDHELGISGÆSLAN Talið er að Landhelgisgæslan þarfnist fjögurra þyrlna til að tryggja fyllsta öryggi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓDÝRT
OG GOTT

FYRIR BAÐIÐ

til
afgreiðslu
af lager

stgr.

2.500

STÆKKUNARPEGILL Á ARMI

STURTUHLEMMAR

verð frá

stgr.
3.900

HERT
ÖRYGGISGLER

stgr.
12.900

BADHLÍFAR verð frá

HERT
ÖRYGGISGLER

stgr.
24.900

STURTUHURÐAR 70, 80, 90 sm



HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTU/BAÐTÆKI 14.900



HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR 11.900



STURTUBARKI 1.200



DREIFARI Á KRANA 450



STURTUHAUSAR MED BARKA OG VEGGFESTINGU 1.750

STURTUSTANGARSETT
MED HITASTÝRÐUM
BAÐTÆKJUM

STURTUSTANGARSETT
MED HITASTÝRÐUM
STURTUTÆKJUM

STURTUSTANGARSETT
BARKATENG

STURTUSTANGIR
MED STURTUHAUS,
BAKRA OG SÁPUSKÁL



verð frá

26.800

stgr.

BAÐKÖR með fótum

emilerað stál

Stærðir: 150x75 • 160x75 • 170x75 • 160x70 • 170x70 sm

www.i-t.is

INNRETTINGAR
& TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09 - 18 • laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Hugrekki Guðrúnar Ebbu öðrum til heilla:

Aldrei of seint að takast á við ofbeldi

Guðrún Ebba Ólafsdóttir er hugrökk kona. Hún hefur stigið fram og greint frá sársaukafullum atburðum í lífi sínu, allt frá barnæsku og langt fram á fullorðinsár.

Hún hefur greint frá því hvernig ofbeldismaður kom fram andstyggilegum vilja sínum við barn, meðal annars með því að láta það trúa því að það væri meðsekt, og tókst á sama tíma að halda framhlið fjölskyldunnar sléttari og felldri og komast til æðstu metorða sem starf hans bauð upp á.

Guðrún Ebba hefur einnig greint frá því hversu treglega henni gekk að ná eyrum kirkjunnar sem kaus föður hennar í embætti biskups og varði hann þegar konur sem orðið höfðu fyrir kynferðislegu ofbeldi af hans hálfu komu fram með ásakanir sínar.

Að bréf Guðrúnar Ebbu skuli hafa legið óskráð og ósvarað í fórum biskups þar til fjallað var um mál hennar í DV nærri hálfu öðru ári síðar er ekki bara með ólíkindum heldur til háborinnar skammar þeim sem þá ábyrgð bera. Sömuleiðis er sérkennilegt tómlæti kirkjuráðs, sem boðar hana til fundar í kjölfar

umfjöllunarinnar, hlýðir á óhugnanlega frásögn hennar en hefur ekki mátt til þess að bregðast við henni á nokkurn hátt þar og þá.

Á hinn bóginn var heillaskref að kirkjan skyldi skipa rannsóknarnefnd til að fjalla um viðbrögð kirkjunnar við kynferðisbrotum. Það er afar mikilvægt að kirkjan og þeir sem hana leiða axli ábyrgð í samræmi við greiningu rannsóknarnefndarinnar. Kirkjuping fram undan sker úr um það.

Frásögn Guðrúnar Ebbu leiðir hugann að öllu því fólki, konum og körlum, á öllum aldri, sem hefur gengið í gegnum þann ólýsanlega sársauka sem því fylgir að vera misnotaður af þeim sem það treysti. Af þeim sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu manna sem tengjast þeim nánnum fjölskylduböndum hefur líklega ekki nema lítill hluti leitað hjálpar til að vinna úr skaða sínum.

Það er fyrst og síðast fyrir þennan hóp sem Guðrún Ebba stígur fram og segir óbærilega sársaukafulla sögu sína. „Það verður að koma eitthvað gott út úr þessu,“ eins og hún orðar það sjálf.

Hún snýr sér að öllum þeim sem hafa orðið fyrir andstyggilegu ofbeldi af hálfu þeirra sem áttu að verja þau og hvetur þau til þess að hætta að bera sársaukafulla reynslu sínu í hljóði og segja frá henni og vinna úr henni. „Það er aldrei of seint og það er alls staðar hjálp að fá,“ sagði Guðrún Ebba í viðtali á Rúv á sunnudagskvöld.

Það er vissulega sársaukafullt að rifja upp atburði sem fólk hefur varið lífi sínu í að reyna að gleyma vegna þess að það hefur talið óminnið bestu vörðina gegn sársaukanum. Hinir sem tekist hafa á við sársauka sinn eru þó til vitnis um að sú vinna skilar sér margfalt til baka.

Hugrökk fólk eins og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur verður seint fullþakkað fyrir framlag sitt til að bæta heiminn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Gigtarfólk, gigtarganga frá Lækjartorgi

13. október kl. 17.30

Verum sýnileg, göngum saman upp á Skólavörðuholt undir kjörórðinu „Hreyfing til heilsu“

17.00 - Safnast verður saman á Lækjartorgi

17.20 - Upphitun fyrir gönguna

17.30 - Gengið upp Bankastræti og Skólavörðustíg*

18.05 - Göngufólk er boðið að hlusta á stutt orgelverk í Hallgrímskirkju, Haukur Guðlaugsson spilar.

* Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.

Tökum fjölskylduna með.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Afmælispakkinn

Ríkisstjórnin var gjafmild við Háskóla Íslands í tilefni aldarafmælis þeirrar mætu stofnunar. Einn og hálfan milljarð fær skólinn á næstu fimm árum, vegna aldarafmælisjóðs skólans. Skólinn fær 150 milljónir króna og 250 milljónir árið 2012. Það kemur sér ábyggilega vel, því fjárframlög til skólans verða lækkuð um 185 milljónir króna á næsta ári. Nokkuð hefur verið kallað eftir gagnsæi í fjárveitingum í kjölfar efnahagshrunsins. Því má spyrja hvort ekki hefði verið faglegra að vinna einfaldlega fjárlög skólans upp á nýtt, í stað þess að vera með þau í tvennu lagi. Eitt í opin-

berum fjárlögum og annað í fallegum afmælispakka. Þá skapast reyndar ekki tækifæri til að afhenda pakka og eins og allir vita er gaman að gefa pakka.

Hver hefði séð það fyrir?

Svandís Svavarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í spjalli við Ríkisúrvarpið að dagatalið byði ekki upp á aðra málsmeðferð, fjárlögin kæmu 1. október en afmælishátíð væri 8. október. „Við ráðum illa við það.“ Tja, einhver hefði mögulega getað séð fyrir hvenær aldarafmælið bæri upp og komið

fjárlátunum inn í fjárlögin. En, enn og aftur, það hefði eyðilaggt hina hátíðlegu afhendingu gjafarinnar.

Leyst úr flækjunni

Á þingi liggur nú fyrir munnleg fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur til ráðherra landbúnaðarmála um hvort hann hafi hugsað sér að hvetja bændur til stofnunar samvinnufélaga um ullaframleiðslu. Þá spyr hún: „Hvernig er hægt að styðja við vörupróun og vinnslu á íslenskri ull?“ Spennandi verður að sjá hvernig Jóni Bjarnasyni tekst að láta tæmandi svar við þeirri spurningu ríma við ákvæði þingskapa um að hægt sé að svara í stuttu máli. kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Sjálfbsblekkingin um 2007

Fjármál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Sú sjálfbsblekking er áberandi í þjóðfélaginu að hægt sé að strika út efnahagsleg áhrif hrunsins og hverfa aftur til lífskjara ársins 2007. Til marks um það eru kröfur um lækkun skulda, hækkun launa og bætur fyrir lækkun íbúðaverðs. Staðreyndin er sú að lífskjörin á hátindi góðærisins fyrir hrun voru blekkingin ein, velmegun sem byggð var áralangri og ofsafenginni skuldasöfnun einstaklinga og fyrirtækja. Það eru ekki til nein verðmæti í þjóðfélaginu til þess að standa undir fölsku lífskjörinum frá 2007.

Lífskjör á lánum verða aldrei varanleg. Viðskiptahallinn 2005 og 2006 var um 500 milljarðar króna. Það eru um 6 milljónir króna á hverja fjölskyldu. Vorið 2008 lýsir Seðlabankinn stöðunni þannig að kaupmáttur virtist umtalsvert meiri en staðist gæti til lengdar og „aldrei hafa heimili og fyrirtæki verið svo skuldsett, viðskiptahallinn aldrei verið meiri, útlánavöxtur aldrei jafn hraður að raungildi og eignaverð aldrei hærra“.

Gengi krónunnar var falskt um árabil, landsmenn lifðu af fölskum kaupmætti og fengu meira fyrir krónuna en nokkur

innistæða var fyrir. Raunverðið kom fram þegar gengið féll.

Þessi sjálfbsblekking stendur allri frampróun fyrir þrifum. Pólitísk umræða er föst í 2007 og öll orkan fer í kröfur til stjórnvalda um að færa skuldurum aftur gærdaginn. Hagsmunasamtök heimilanna stjórna umræðunni og ístöðulitlir stjórnmálamenn keppast um að lofa því að strika út hrunið og færa kjósendum aftur 2007-lífið.

En það er alltaf einhver sem borgar. Meðan markmiðin eru fullkomlega óraunhæf er umræðan föst í kviksyndi. Þegar horfst verður í augu við staðreyndir kemst þjóðin af stað til þess að vinna sig út úr vandanum. Það þarf hugarfarsbreytingu. Það verða lakari lífskjör um skeið og það þarf að borga skuldir. En engu að síður verða hér góð lífskjör á alþjóðlegan mælikvarða. Það þarf að minnka ríkisútgjöld og auka verðmæta-sköpun. Það þarf að veiða meiri fisk, vinna hann meira, virkja orku, meiri stóriðju, fleiri ferðamenn og nýta tónlistarhúsið sem aðráttarafl og þannig má áfram telja. Það þarf að skapa verðmæti í stað þess að eyða í dag tekjum framtíðarinnar. Það er leiðin áfram.

Alþingi og almenningur

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir

blaðamaður



Þegar þeir sem prýða sitjandi ríkisstjórn skipulögðu og hvöttu til mótmæla á Austurvelli á sínum tíma, undir slagorðinu „óhæf ríkisstjórn“, og bættu rösklega í, bæði í munn-söfnuði og athæfi þegar þang-að var komið, þá voru þeir að senda skilaboð til almennings um hvernig óánægja og reiði í garð sitjandi stjórnar ætti að birtast. Allir vita að mætingin á Austurvelli var ekki sjálfsprott-in nema að litlu leyti. Sumir tóku með sér börn og unglinga, sem þarna fengu sýnikennslu í hvernig ætti að ná sínu fram. Og það lukkaðist. Ofbeldis-teymið situr nú í ríkisstjórn við litla hrifningu hins almenna borgara.

Þegar almenningur tók sig til nýverið og greip til þeirra ráða sem kennd voru í búsáhalda-byildingunni, en þó á mun lægri nótum, kom alvörusvipur á höf-unda hennar. Spurning hvort ekki þyrfti að breyta þeirri hefð að alþingismenn gengju til kirkju. Í spjalli við fréttamann fyrir utan Alþingishús-ið strauk hinn hinn geðþekki forseti Alþingis hlýlega húsíð og minnti á að þetta hús ætti þjóðin og ekki væri við hæfi að ráðast á það. Sem er auðvitað hárrétt, en það var líka hárrétt í búsáhaldabyildingunni sálugu.

Frelsi eða forsjá
Það er með frelsið eins og svo margt annað, að þegar við erum svipt því skyndilega og fyrir-varalaust finnum við fyrir því og veitum viðnáð. En þegar hægfara sósíalisma er smeygt á okkur smám saman tökum við ekki eftir því fyrr en ekki verður aftur snúið. Í raun erum við skref fyrir skref að afsala okkur frelsi í skiptum fyrir forsjá. Forsjá ríkisins. Ríkisstjórnin okkar hækkar skatta og þrengir að á öllum sviðum. Hún er líka nefndasafnari. Þar er ekki sparað. Eitt verkefnið af öðru er sett í vel launaða nefnd eða

“Ef ríkisstjórnin hefur skilning á lögmálum atvinnulífsins, þá fer hún mjög leynt með það. Kannski er atvinnulífið of flókið fyrir þá sem kunna best við sig í nefndum, og eiga erfitt með að treysta fólki fyrir sjálfu sér.

starfshóp og frá því greint eins og þar með sé vönduð niðurstaða í höfn. Ef ríkisstjórnin hefur skilning á lögmálum atvinnulífsins, þá fer hún mjög leynt með það. Kannski er atvinnulífið of flókið fyrir þá sem kunna best við sig í nefndum, og eiga erfitt með að treysta fólki fyrir sjálfu sér. Betra að ríkið ákveði hvað því er fyrir bestu.

Ekki góðir í rekstri
Maður sem um árabíl hefur umgengist útlendinga vegna vinnu sinnar, bæði hér heima og erlendis, segir að þeir fylgist vel

með því sem hér er að gerast á hverjum tíma. Þeim þyki mikið til Íslendinga koma. Tala um hvað þeir séu hugmyndaríkir og skapandi, duglegir, snöggir að taka ákvarðanir og frumkvöðlar á ýmsum sviðum. Hins vegar séu þeir almennt ekki miklir rekstrarmenn. Og það þykir þeim furðulegt.

Í stað þess að stofna fyrirtæki, vinna að vexti þess og þróun, hlúa að góðu starfsfólki og reyna að halda í það, þá eru menn að kaupa hlut í fyrirtækjum sem þeir koma svo ekkert að, flengjast um heiminn og fjárfesta í rekstri sem þeir hafa ekkert vit

Á hverju ætlið þið þá að lifa? Háskólagráðum?

Samgöngumál

Eyþór Jónsson

verslunarstjóri og útgefandi



Pawel Bartoszek skrifar pistil í Fréttablaðið 7. október af svo mikilli fáfræði að það er leitun að öðru eins. Pistillinn ber nafnið „Óbyggðastefna“ sem er sannkallað réttnefni, því þar boðar hann mikla óbyggðastefnu.

Hann furðar sig á því af hverju landsmenn vilji alltaf vera að komast frá landsbyggðinni. Hann telur skynsamlegra að nota peninginn í skólamál, frekar en vegaframkvæmdir á landsbyggðinni.

Í pistli sínum segir hann meðal annars orðrétt: „En þegar góðar samgöngur eru orðnar sterkasti kostur staðar er í raun verið að segja: „Staðurinn sjálfur er ekkert spes en það má auðveldlega komast frá honum í annan stað sem er skárri.“ Og þá fara menn að spyrja sig: „Væri þá ekki einfaldara að flytja bara á þann stað?““

Nokkuð dæmigert sjónarhorn frá borgarbúa. Heldur að samgöngur séu aðeins til þess

gerðar svo landsbyggðarpakkið geti farið í ferðalög.

Setjum þetta nú aðeins í stærra samhengi, samhengi sem jafnvel Pawel getur áttað sig á. Ég reikna fastlega með að hann sé búsettur í Reykjavík. Þar vill hann vera og hefur ekkert að sækja út fyrir borgina.

En hvernig ætli lífið í Reykjavík væri ef flug og sjósamgöngur út í heim myndu leggjast af? Tja, já og bara ef að samgöngur út á land myndu leggjast af – er Reykjavík sjálfri sér nóg?

Útfutningur myndi leggjast af og þar með stærstu atvinnugreinar Íslands, ferðamenn myndu heyra sögunni til, bensín myndi verða ófáanlegt, og já ekki veit ég til þess að það sé mikið um búfénað eða matvælaræktun í Reykjavík.

Á hverju ætlið þið þá að lifa? Háskólagráðum?

Ef Pawel er ósáttur við að fá hvorki vörur eða þjónustu frá öðrum löndum, já eða landsbyggðinni, þá myndi hann bara flytja á annan stað. – Svo einfalt er það! En ég spyr, hvert ætlar hann að flytja? Hvaða samfélag er ekki háð góðum samgöngum?

Góðar samgöngur eru forsenda þess að samfélög lifi af, hvort sem það er Patreksfjörður, Reykjavík eða New York.

Stokkhólmssamningurinn 10 ára

Umhverfismál

Svandís Svavarsdóttir

umhverfisráðherra



Í ár eru liðin 10 ár frá því að Stokkhólmssamningurinn tók gildi í Svíþjóð. Markmið samningsins er að vernda heilsu manna og umhverfið gegn áhrifum þrávirkra lífrænna efna.

Einkenni þrávirkra lífrænna efna eru að þau brotna mjög hægt niður í náttúrunni og halda virkni sinni í langan tíma. Þau safnast fyrir í fituvefjum lífvera efst í fæðukeðjunni, bæði í mönnum og dýrum, og geta borist langar leiðir með lofti eða vatni. Lítið magn þeirra í umhverfinu getur haft mjög óæskileg áhrif á lífríkið. Aðildarlönd samningsins leggja megináherslu á að draga úr losun þessara efna og framtíðarmarkmiðið er að koma alfarið í veg fyrir losun þeirra.

Fyrstu efnin sem sett voru á lista samningsins voru ýmis skordýraeitur, s.s. dieldrín, endrín og DDT, og efni sem verða til í iðnaði og við brennslu s.s. díoxín, fúran og PCB. Árið 2009 bættust við níu efni, þar á meðal svokallaðar brómafleiður, sem upphaflega voru notaðar í iðnaði vegna eldhemjandi eiginleika þeirra. Síðar hefur komið í ljós að þær safnast fyrir í náttúrunni og hafa skaðleg áhrif á heilsu manna. Á þessu ári bættist við eitt þrávirkt efni, endósúlfan, sem er skordýraeitur.

Misvel gengur fyrir lönd að takmarka losun þrávirkra lífrænna efna, en mörg þessara efna verða til við brennslu eða í iðnaði og losun þeirra út í umhverfið er því óbein. Til að framfylgja samningnum gera aðildarríki innleiðingaráætlanir í samræmi

við ákvæði hans og fylgst er með því hvernig til tekst að fylgja þeim eftir. Þróunarlöndin fá fjárhagslega aðstoð til að takast á við þessi verkefni.

Á Íslandi hafa mörg þessara efna aldrei verið skráð, enda efnanotkun hér á landi lítil ef miðað er við mörg önnur lönd. Mörg lönd hafa náð góðum árangri í þróun aðferða til að draga úr efnanotkun. Dæmi um það eru lífrænar varnir; skordýrum er dreift á akra og látin éta þau skordýr sem eyðileggja uppskeruna. Einnig er reynt að koma í veg fyrir að skordýr geti fjölgað sér, með betri frágangi holræsa o.þ.h. Samkvæmt samningnum er leyft að nota DDT í þeim tilgangi að takmarka útbreiðslu moskítóflugna, en þær eru smitberar fyrir malaríu, sem útbreidd er mjög víða í hitabeltislöndum. Þessi aðlögun gildir á meðan ekki hafa fundist jafn öflug lyf á verði sem þróunarlöndin geta keypt til að verjast útbreiðslu malaríu.

Fyrir Ísland er þetta mikilvægur samningur enda er um að ræða efni sem brotna mjög hægt niður í náttúrunni og geta borist langar leiðir, jafnvel alla leið norður til Íslands þrátt fyrir að þau hafi aldrei verið notuð í landinu. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna uppsöfnunar efnanna í lífríki sjávar.

Samningurinn hefur sannað gildi sitt og sýnir mikilvægi alþjóðlegrar þátttöku fyrir Ísland. Hann er í anda sjálfbærrar þróunar og styður við lausnir sem miða að því að draga úr efnanotkun og þróun betri lausna fyrir heilsu manna og umhverfi. Umhverfismál snúast alltaf bæði um nærumhverfið og stærri heildir. Þess vegna gegna alþjóðasamningar lykilhlutverki í málaflokknum og brýnt er að Ísland taki virkan þátt í slíku samstarfi.

Niðurskurður í velferðarþjónustu - hvað er hægt að gera?

FRUMMÆLENDUR:
Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra
Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri
Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Björn Zoëga, forstjóri Landspítala
Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistuheimilanna
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara

Fundarstjóri: Þóra Arnórsdóttir fjölmiðlakona
Setning: Birgir Gunnarsson, formaður Landssambands heilbrigðisstofnanna
Að lokinni framsögu verða pallborðsumræður

Ráðstefnan verður haldin á Grand hóteli miðvikudaginn 12. október kl. 13:30

AÐGANGUR ÓKEYPIS

LANDSSAMBAND HEILBRIGÐISSTOFNANA
FÉLAG FORSTÖÐUMANNA SJÚKRAHÚSA





SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU



MATREIÐSLUSKÓLI

Hagkaups - ný námskeið



LEIKUR AÐ SYKURMASSA MEÐ HJÖRDÍSI frá mömmur.is

Þátttakendur fræðast um þá tækni sem notuð er við sykurmassaskreytingar og fá að leika sér með fjölbreytt úrval móta og litunarefna. Þátttakendur fá að taka skrautið með sér heim. Námskeiðið hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum.

STAÐUR Hagkaup Smáralind

TÍMI 17:30 -20:00

SKRÁNING skoli@hagkaup.is eða í síma 563 5066


VERÐ kr. 6.900,- (greitt á staðnum)

DAGSETNING

18. okt. - Smáralind

31. okt. - Smáralind

KÖKUPINNANÁMSKEIÐ MEÐ HJÖRDÍSI frá mömmur.is



Þátttakendur spreyta sig á kökupinnagerð og skreytingum sem þeir taka síðan með sér heim. Námskeiðið hentar öllum þeim sem hafa áhuga á að læra eitthvað nýtt og spennandi.

STAÐUR Hagkaup Smáralind/Holtagörðum

TÍMI 17:30 -20:00

SKRÁNING skoli@hagkaup.is eða í síma 563 5066

VERÐ kr. 6.900,- (greitt á staðnum)

KRAKKANÁMSKEIÐ

30. okt. - kl. 13-15 Holtagörðum

13. nóv. - kl. 13-15 Holtagörðum

DAGSETNING

17. okt. - Smáralind

25. okt. - Smáralind

2. nóv. - Smáralind



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

spennandi námskeið...

CUPCAKES NÁMSKEIÐ MEÐ RIKKU

Cupcake skreytinga námskeið Rikku mun leiða þátttakendur í gegnum galdurinn við glæsilegar skreytingar.

STAÐUR Hagkaup Smáralind

TÍMI 18:00 -20:00

SKRÁNING skoli@hagkaup.is eða í síma 563 5066

VERÐ kr. 5.900,- (greitt á staðnum)

DAGSETNING


19. okt. - Smáralind

26. okt. - Smáralind

1. nóv. - Smáralind

7. nóv. - Smáralind

21. nóv. - Smáralind



KONFEKTNÁMSKEIÐ MEÐ HALLDÓRI konditormeistara

Þátttakendur eru leiddir inn í leyndardóminn um hvernig á að búa til dýrindis konfekt. Hver og einn býr til sína mola úr súkkulaði frá Nóa Síríus. Farið verður í gerð fyllinga og meðhöndlun á súkkulaði og afrakstur námskeiðisins er tekinn með heim.

STAÐUR Hagkaup Smáralind/Akureyri

TÍMI 18:00 -20:00

SKRÁNING skoli@hagkaup.is eða í síma 563 5066

VERÐ kr. 3.900,- (greitt á staðnum)
kr. 2.990,- fyrir krakka (greitt á staðnum)



N
NÓI SÍRÍUS

DAGSETNING

8. nóv. - Smáralind

9. nóv. - Smáralind

14. nóv. - Smáralind

15. nóv. - Smáralind

16. nóv. - Smáralind

24. nóv. - Akureyri

28. nóv. - Smáralind

29. nóv. - Smáralind

30. nóv. - Smáralind

5. des. - Smáralind

KRAKKANÁMSKEIÐ

aldurstakmark 7-12 ára

22. nóv. - Smáralind

23. nóv. - Smáralind

6. des. - Smáralind



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Viðurkenning á fullveldi sjálfstæðrar Palestínu

Palestína

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Í liðinni viku mælti ég á Alþingi fyrir tillögu um að ríkisstjórninni yrði falið að viðurkenna fullveldi sjálfstæðrar Palestínu á grundvelli landamæra eins og þau voru fyrir sex daga stríðið 1967. Nú þegar hafa 127 ríki viðurkennt Palestínu sem fullvalda ríki, þar af átta sem síðar hafa gengið í Evrópusambandið, og sex þeirra eru einnig innan Atlantshafsbandalagsins. Við yrðum að sönnu fyrsta ríkið í norðvesturhluta Evrópu sem tæki slíka ákvörðun og hið fyrsta í Evrópu í yfir 20 ár. Fyrir Palestínu yrði afar mikilvægt að fá stuðning slíks ríkis. En ákvörðun um viðurkenningu verður fyrst og fremst að taka mið af utanríkisstefnu okkar fyrr og nú og siðferðilegum stuðningi Íslands við aukin mannréttindi, auk mats á því hvort hún yki eða drægi úr friðarlíkum milli Ísraels og Palestínu.

Söguleg stefna Íslands

Árið 1947 átti glæsilegur fulltrúi Íslands, Thor Thors sendiherra, sinn þátt í því að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti tillögu um tveggja ríkja lausnina svokölluðu, en hún felur í sér tilvist Palestínu og Ísraels hlið við hlið. Í 64 ár hefur Ísland því formlega stutt að Palestína verði fullvalda ríki. Undir forystu ólíkra ríkisstjórna hafa Íslendingar líka þróað utanríkisstefnu sem hefur fært okkur í fremstu röð þjóða sem berjast gegn mannréttindabrotum – sem eru daglegt brauð Palestínubarna. Rauður þráður gegnum utanríkisstefnuna síðustu áratugi hefur einnig verið órofa stuðningur við þá grundvallarafstöðu að smáþjóðir eigi sjálfar að fá að ráða örlögum sínum og hafa óskoradan rétt til að verða fullvalda og frjálsar. Þess vegna brutu Íslendingar undir forystu Jóns Baldvins Hannibalssonar ísinn fyrir Eystrasaltsþjóðirnar fyrir 20 árum, viðurkenndu fullveldi Svartfellinga og komu fyrstir þjóða til liðsinnis við Króatíu. Tillaga mín um viðurkenningu á Palestínu er því í fullu samræmi við sögulega afstöðu Íslands á lýðveldistímanum, eindregna afstöðu okkar sem ríkis til mannréttinda, og stuðning Íslendinga við sjálfstæðisbaráttu smáþjóða.

Öryggi Ísraels

Frá tíma Thors Thors hefur Ísland stutt tilvist og öryggi Ísraels. Tillaga mín um viðurkenningu á fullveldi Palestínu breytir engu um það. Núverandi ríkisstjórn hefur í engu stutt við ríkisstjórnir sem vilja má Ísrael út af landakortinu en minna má á að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar skipulagði opinbera heimsókn utanríkisráðherra til Írans árið 2003. Varla þarf að fara mörgum orðum um afstöðu þess ríkis til Ísraels.

Í núverandi ríkisstjórn Ísraels eru átök milli forsætisráðherrans Benjámin Netanyahu og utanríkisráðherrans Avigdor Lieberman um forystu fyrir hægri væng ísraelskra stjórn mála. Herská andstaða gegn sjálfstæðu ríki Palestínubarna er drýgst til árangurs í því og skakar þar hvor skellum þyngri. Þessi skammsýni veldur því að stjórnvöld í Ísrael eru

útleð til Túnis árið 1990 – hafa viðurkennt Ísraelsríki. Palestínsk stjórnvöld hafa gefið vopnaða baráttu upp á bátinn og lýst eindregnum vilja til friðsamlegrar sambúðar við Ísrael. Þau hafa einnig fært þá fórn að fallast á landamærin frá því fyrir sex daga stríðið 1967 þó að í því felist að Palestína hafi helmingi minna land til umráða en Ísland studdi árið 1947. Enn er líka í fullu gildi yfirlýsing Arababandalagsins frá 2002 um að ríki þess muni stofna til eðlilegra og friðsamlegra samskipta við Ísrael, dragi það her sinn inn fyrir landamærin fyrir sex daga stríðið 1967.

Stuðningi Íslands við Palestínu allt frá 1989 hafa jafnan fylgt skýrar kröfur af okkar hálfu um að Palestína framfylgi gildum og áherslum sem koma fram í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það hafa Palestínubarn nú í gadda slegið. Umsókn þeirra um aðild að Sameinuðu

Íslenska tillagan byggir á þeim vörðum, sem alþjóðasamfélagið hefur þegar hlaðið um þá einu leið sem getur leitt til varanlegs friðar – tveggja ríkja lausnarinnar. Hún er því stuðningur við framtíðaröryggi Ísraels.

blind á það einstaka tækifæri sem nú liggur í augum uppi til að stuðla að varanlegu öryggi ríkisins með því að semja frið við nágranna sína á grundvelli sjálfstæðrar Palestínu. Fyrir Ísrael væri happadrygst að ganga frá slíkum samningum strax – áður en arabíska vorið lyftir nýjum lýðræðislega kjörnum ríkisstjórnnum til valda. Þær eru líklegar til að spegla eindregna samúð almennings í þessum ríkjum með Palestínu og reynast miklu harðdrægari gagnvart Ísrael en einræðisherrarnir sem vorkoman er nú að feykja fyrir pólitískan ætternisstapa.

Íslenska tillagan byggir á þeim vörðum sem alþjóðasamfélagið hefur þegar hlaðið um þá einu leið sem getur leitt til varanlegs friðar – tveggja ríkja lausnarinnar. Hún er því stuðningur við framtíðaröryggi Ísraels.

Tilboð um frið

Heimastjórn Palestínu og frelsishreyfingin PLO – sem íslenskur forsætisráðherra heimsótti fyrstur vestrænna leiðtoga í

þjóðunum fylgdi skrifleg yfirlýsing um að Palestína sæktist eftir friði og myndi að fullu uppfylla þjóðréttarlegar skyldur sínar.

Samvíska Alþingis

Alþingi hefur í vetur margsinis rætt atburðina sem tengjast arabíska vorinu. Þingmenn úr öllum flokkum hafa lýst eindregnum stuðningi við kröfur almennings í viðkomandi löndum um mannréttindi og lýðræði. Það væri því tvískinnungur og hræsni ef alþingismenn sem hafa stutt réttindabaráttu íbúa Norðr-Afríku neituðu Palestínubarnum um sama stuðning. Þeir búa þó óvæfengjanlega við hernám, stöðugt landræn og aðskilnaðarstefnu sem Desmond Tutu, erkibiskupinn suður-afríski, sagði skylda apartheid. Hvernig er hægt að styðja baráttu íbúa Líbíu, Egyptalands, Túnis, Sýrlands og Jemen, án þess að styðja sömu baráttu Palestínubarna?

Það er ekki hægt. Slíkt er í senn órókrétt og þverstæðukennt og yrði Alþingi til minnkunar.

Krónan og frankinn

Evrómál

Skúli Sveinsson

lögfræðingur og viðskiptafræðingur



Andrés Pétursson, formaður Evrópusamtakanna, birti grein í Fréttablaðinu 3. október sl. undir fyrirsögninni „Svisslendingar tengja frankann við evruna!“ Ekki er hægt að skilja grein Andrésar á annan hátt en að með þessu hafi svissneski seðlabankinn, sem stóð einn að baki þessum aðgerðum, lýst yfir eindregnum stuðningi við evruna.

Alls ekki er um það að ræða að verið sé að binda frankann við evruna heldur á aðeins að stöðva styrkingu frankans vegna fjármagnsflóttas frá evrusvæðinu sem ógnar efnahag Sviss. Einnig hafa vextir á innlánum verið lækkaðir í núll, sem Seðlabanki Íslands hefði átt að gera á þeim tíma þegar krónan var að styrkjast úr hófi og með því koma í veg fyrir vaxtamunarviðskipti.

Aðgerð bankans kemur til vegna vantrúar á evruna en ekki tiltrúar eins og skilja má á grein Andrésar. Staðreynd málsins er sú að evran er í miklum vanda sem leiðtogar Evrópu hafa ekki getað fundið neina lausn á. Grundvöllur að vanda evrunnar er að efnahagur þeirra ríkja sem eru innan evrunnar hefur þróað á ólíkan máta, þar sem sum löndin hafa staðið sig vel og skulda lítið en önnur, sérstaklega í Suður-Evrópu, hafa safnað skuldum og efnahagur þeirra dregist saman. Mikið ójafnvægi hefur því myndast á evrusvæðinu og sum lönd þurfa nauðsynlega á því að halda að gjaldmiðillinn veikist til að jafnvægi geti náðst í efnahag þeirra en önnur lönd sem ráða meira ferðinni standa betur og valda því að evran nær ekki að veikjast.

Þetta misræmi á aðeins eftir að ágerast þar til eitthvað verður undan að láta. Að minnsta kosti er fyrirséð að ákveðin lönd verða að fara út úr evrunni til að ná tökum á efnahag sínum og þar fer Grikkland fremst í flokki. En hvað gerist ef evrusvæðið fer að riðlast? Það er alveg óljóst, a.m.k. eru flestir sammála um að það verði ekki heillaspor fyrir evruna og að miklir óvissutímar taki þá við, sem geti leitt til þess að evrusamstarfið í heild riðlist.

En ef við hverfum aftur að svissneska frankanum þá er það sem gerir hann að eftirsóknarverðum gjaldmiðli á óvissutímum annars vegar sú staðreynd að hagkerfið

stendur vel og þá sérstaklega eignalega séð, sem var alltaf veikileiki Íslands, sem var með neikvæða erlenda eignastöðu á þeim tíma þegar bankarnir voru í hraðri uppbyggingu. En aðalástæðan fyrir sterkri stöðu frankans um þessar mundir er að hann er að stórum hluta á gullfæti, sem virðist enn og aftur vera að sýna sig að sé helsta vörnin fyrir óvissu og sveiflum í hagkerfi heimsins.

Ísland ætti því að horfa til Sviss um hvernig málefnum gjaldmiðilsins er háttað. Hægt væri að byggja upp gjaldmiðil á Íslandi sem er stöðugur og nothæfur í alþjóðlegum viðskiptum með því að taka upp gullfót og þar með væri kominn hinn margumtalaði bakhjarl án aðkomu erlendra ríkja. Það er þó ljóst að það tekur langan tíma að byggja upp stöðu hagkerfisins í það horf að nettó eignastaða verði



Aðgerð bankans kemur til vegna vantrúar á evruna en ekki tiltrúar eins og skilja má á grein Andrésar.

jákvæð og hægt verði að afla nægilegs gullforða til að vera bakbein krónunar. Til þess þarf að koma þjóðaráttak með vel skilgreind markmið og mjög agaða peninga- og hagstjórn. Í mínum huga snýst þetta um sjálfstæði þjóðarinnar fyrst og fremst. Lítilli þjóð sem er skuldbett erlendum ríkjum er hætt við að missa sjálfstæði sitt og stöðu í samfélagi þjóðanna. Því er um þjóðaröryggismál að ræða og þar sem erlendar þjóðir eyða stórum fjárhæðum til hermála ættum við að hafa svigrúm til aðgerða. Ísland er blessunarlega herlaust land og af þeim sökum þurfum við ekki að bera þann gríðarlega kostnað sem önnur ríki hafa af hernaðarumsvifum sínum. En þess í stað ættum við að huga að efnahagslegu öryggi þjóðarinnar með sama hætti og aðrar þjóðir horfa til hernaðarlegs öryggis.

Ríkið ætti að leggja til hliðar í sjóð fé sem er á við það sem önnur ríki leggja til hermála í eins konar þjóðaröryggissjóð. Þessi sjóður væri þá aðgengilegur í neyðartilfellum eins og þegar við stöndum frammi fyrir hruni og myndi einnig hafa þau áhrif að vextir gætu verið lágir eins og í Sviss. Sjóðurinn yrði að eiga eignir sem væru með raunverulegt virði sem væri aðgengilegt og seljanlegt á tímum efnahagslegrar upplausnar, en sagan sýnir að það er helst gull sem uppfyllir þessar þarfir. Þetta ætti að vera markmið bæði þeirra sem vilja taka upp evruna og þeirra sem vilja krónuna áfram, því að það er alveg ljóst að við fáum ekki aðild að evrusamstarfinu fyrr en við höfum náð tökum á okkar efnahags- og peningamálum sjálf, því evran þarf ekki á því að halda að annað vanda-mál bætist við. Nóg eru þau fyrir.



Häcker
kitchen. german made.

Farðu alla leið með Eirvík

Innréttingar og eldhústæki

Hannað af alúð og framleitt af þýskri nákvæmni. Ráðgjöf, hönnun og uppsetning allt á einum stað. Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur.

Miele bulthaup

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

BÍLADÍLAR Í OKTÓBER

NÝIR BÍLAR

- ☒ Minna viðhald
- ☒ Þriggja og fimm ára ábyrgð
- ☒ Minni eldsneyðiskostnaður
- ☒ Öðrari rekstur
- ☒ Engar óvæntar bílaverir
- ☒ Ómótstæðilegur Bíladíll



Hefur þú tekið saman hvað það kostar
að reka bílinn þinn í dag?
Við getum boðið þér **díl í nýjan bíl**
og jafnvel lækkað rekstrarkostnaðinn
svo um munar!



Kíktu í kaffi og láttu okkur reikna
út hagstæðasta kostinn fyrir þig.





FRANSKI SÖNGFUGLINN EDITH PIAF lést þennan dag (1915-1963). „Hvað sjálfa mig snertir stendur ástin fyrir rífrildum, lygum og löðrungum í andlitið. Ástina galt ég með bitrum tárur.“

MERKISATBURÐIR

- 1256** Þórður kakali Sighvatsson deyr í Noregi, 46 ára.
- 1977** Opinberir starfsmenn í BSRB fara í verkfall í fyrsta sinn.
- 1987** Spænsk þota nauðlendir um 50 sjómílur vestur af Reykjanesi. Sex menn komust í björgunarbát og um borð í Þorlák ÁR. Þotan hafði orðið bensínlaus í 7 kílómetra hæð og var á 200 kílómetra hraða þegar hún snerti hafflötinn.
- 1988** Við forsetakjör í sameinuðu þingi gerist það í fyrsta sinn í 1.059 ára sögu Alþingis að kona er kosin forseti þess. Það var Guðrún Helgadóttir.
- 1991** Íslendingar verða heimsmeistarar í brids eftir sigur á móti í Yokohama í Japan. Sigurlaunin voru hin fræga Bermúðaskál.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

Halldór Bjarnason
Stórakrika 1 A, Mosfellsbæ,

lést föstudaginn 7. október á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðjón Pedersen
Bjarni Halldórsson
Lárus Halldórsson
Oddur Örn Halldórsson
Kirstín Lára Halldórsdóttir
Anna Dúna Halldórsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Andrés Eirsson
húsasmíðameistari
Sléttuvegi 15,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 7. október. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. október kl. 13.00.

Sigurrós Gísladóttir
Svava Björnsdóttir
Eiður Björnsson
Gísli Björnsson
Anna Björnsdóttir
Sigurrós Birna Björnsdóttir
afabörn og langafabörn

Sigurbjörn Björnsson
María M. Guðmundsdóttir
Anna D. Tryggvadóttir
Róbert B. Agnarsson
Guðmundur Kr. Hallgrímsson



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýðug, samúð og stuðning við andlát og útför elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

Sesselju Steingrimsdóttur
Tunguvegi 68.

Útförin hefur fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Stuðningur ykkar vina og vandamanna er ómetanlegur. Einnig sendum við bestu þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á Landspítalanum sem sýndi okkur mikla nærgætni á erfiðri stundu. Guð blessi ykkur öll.

Sigurður Guðjón Jónsson
Sigríður Lepore Jónsdóttir
Gunnar Jónsson
Steingrímur Ágúst Jónsson

Doreen Veronica Prince
Steingrímur Guðni Pétursson

Þóranna Margrét
Sigurbergsdóttir
Katrín Sól Högnadóttir
Kim Mortensen
María Breiðfjörð
Elfur Magnúsdóttir

Jón Hjörtur Jónsson
Sesselja Jónsdóttir
Garðar Jónsson
Sæmundur Ingi Jónsson
Ástríður Ólafía Jónsdóttir
Einar Valgeir Jónsson
Benjamín Hlífur Stefánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurlín Þ. Sigurjónsdóttir

PETTA GERÐIST: 11. OKTÓBER 1986

Reagan og Gorbatsjov funda í Höfða

Í dag er liðinn aldarfjórðungur síðan leiðtogafundur Ronalds Reagan, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, og Mihails Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna, var haldinn í Höfða í Reykjavík. Fundurinn var haldinn með mjög skömmum fyrirvara og reyndi vel á Íslendinga við til-

högun öryggisgæslu, hótelrymis og fjarskiptakerfis. Með samstilltu átaki og samvinnu tókst að skipuleggja leiðtogafundinn með miklum sóma og svo eftir var tekið. Dögum saman beindust augu alheimsins að Íslandi og beindist athygli alþjóðlegra fjölmiðla að landinu sem aldrei fyrr. Fundurinn í Höfða stóð í

two daga, en á honum ræddu þeir Reagan og Gorbatsjov afvopnunarmál. Margir telja leiðtogafundinn í Reykjavík hafa valdið straumhvörfum í samningum um fækkun kjarnavopna, skapað skilyrði fyrir nýrri hugsun í alþjóðamálum og breytt andrúmsloftinu á milli stórveldanna tveggja.



FREMST Á NORÐURLÖNDUM NKR-verðlaunin voru veitt í þriðja sinn þegar Caput-hópurinn spilaði fyrir stærsta áhorfendaskara sinn til þessa hér á landi í Eldborg á laugardagskvöld. Í lok október kemur út nýr diskur Caput-hópsins í Bandaríkjunum, með tónverkum Önnu Þorvaldsdóttur.

CAPUT-HÓPURINN: HLÝTUR VERÐLAUN NORRÆNA TÓNSKÁLDARÁÐSINS

Það var eins gott að vanda sig

„Já, já, við höldum stillingu okkar, það var mesta furða. Formaður ráðsins kvaddi sér hljóðs eftir flutning fyrsta verksins og eins gott að vanda sig með restina því það hefði verið saga til næsta bæjar ef við hefðum ekki staðið okkur eftir verðlaunaafhendinguna,“ segir Kolbeinn Bjarnason, flautuleikari og einn stofnenda Caput-hópsins sem á laugardagskvöldið var óvænt sæmdur virtum verðlaunum Norræna tónskáldaráðsins (Nordisk Komponist-råd – NKR) á stórtónleikum Norrænna músíkdaga í Eldborgarsal Hörpu.

Norræna tónskáldaráðið samanstendur af formönnum tónskáldafélaga Norðurlandanna og eru verðlaunin ein þau eftirsóttustu á Norðurlöndunum. Í umsögn dómnefndar segir að Caput hljóti verðlaunin fyrir þátt sinn í framþróun norrænnar samtímatónlistar og fyrir áratuga starf við upp-tökur og flutning í hæsta gæðaflokki á norrænum samtímaverkum.

„Við áttum alls ekki von á þessu úr norrænu deildinni. Verðlaunin eru hvatning til að halda áfram að gera góða hluti og okkur þykir vænt um að fá viðurkenningu fyrir það sem við höfum sýslað við í svo langan tíma. Það er nefnilega stutt síðan við settumst niður eftir æfingu og ræddum hvort við værum ekki orðnir alltof gamlir fyrir þetta, en þessi verðlaun slá þá umræðu alveg út af borðinu,“ segir Kolbeinn kátur.

Caput-hópurinn var stofnaður fyrir aldarfjórðungi af ungum tónlistarmönnum sem vildu spila saman nýja, klassíska tónlist. „Í upphafi var Caput þröngur hópur örfárra tónskálda og hljóðfæraleikara en stækkaði fljótt upp í sínfóniettu, sem er eins og vasaútgáfa af sínfóníuhljómsveit. Á þeim tíma var mikil þörf fyrir þá stærð af hljómsveitum þegar íslensk tónskáld skrifuðu tónverk fyrir sínfóniettur í gróð og erg. Síðar komumst við að því að

sambærilegir hópar voru starfræktir í löndunum í kringum okkur, en í dag erum við orðnir einna elstir þeirra.“

Í dag telur Caput 25 hljóðfæraleikara sem flestir eru einnig í Sínfóníuhljóm-sveit Íslands og öðrum hljómsveitum, ásamt því að kenna á hljóðfæri sín.

„Caput hét upphaflega Nýi músík-hópurinn en eftir mikil heilabrot varð Caput-nafnið ofan á. Caput er latneska orðið yfir höfuð en fyrir misskilning fór það á sumum tungumálum að þýða „að fara á hausinn“. Í miðalda tónlistarfræðum er caput líka hugtak og margir kannast við Caput-messur frá 15. öld. Nafnið hefur hjálpað okkur mikið og innan nýklassíska, evrópska heimsins vita allir að Caput-hópurinn kemur frá Íslandi, með nafn sem stendur fyrir framúrskarandi flutning,“ segir Kolbeinn sem reiknar með auknu tónleikahaldi á Norðurlöndunum í framhaldi af verðlaunum NKR.

thordis@frettabladid.is



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Margrét Jakobsdóttir Líndal

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 8. október.

Kristinn Gíslason
Jakob Líndal Kristinsson
Halldóra Kristinsdóttir
Gísli Kristinsson
Jónína Vala Kristinsdóttir
Gylfi Kristinsson
barnabörn og langömmubörn

Kristín Gísladóttir
Porkell Traustason
Bjarney Sigvaldadóttir



Okkar ástkæra,
Aðalbjörg Guðmundsdóttir
Lundi 1, Kópavogi,

sem andaðist sunnudaginn 2. október sl., verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 12. október nk. kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu Landspítalans sími 543 1159.

Guðmundur Skaftason
Valgerður Guðmundsdóttir
Skafti Guðmundsson
Sigrún Guðmundsdóttir
ömmubörn og langömmubörn

Páll Svavarsson
Gro Kraft
Magnús V. Magnússon




Hollráð Hugos – Hlustum á börnin okkar er heiti á bók sem Bókaútgáfan Salka gefur út nú í vikunni. Hana skrifar sálfræðingurinn Hugo Þórisson, sem hefur starfað að bættum samskiptum barna og foreldra í yfir þrjátíu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

GLÆSILEGUR GJAFAHALDARI



BRILLANT- mjög fallegur gjafahaldari í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.

Opið á laugardögum 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur



HEILSUNAMMI FYRIR RÖDDINA

islensk fjallagrös

GÆDAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál



Söluastaðir:

10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnavetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Visir, Bláa lónið, Hreyfing, Krumbúðin, Fiskubúðin Freyja, Melabúðin.



Blóðþrýstingsmælir UA-767 plus 30

- Áreiðanleikaprófaður
- Einfaldur í notkun
- Nemur hjartsláttarreglu
- Minni fyrir síðustu 30 mælingar

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Íslenskur leiðarvisir

Hrafnhildur Gunnarsdóttir er ósátt við þjónustu Þjóðskrár við samkynhneigð pör.

Geta loksins gift sig



Sambyliskonurnar Harpa Másdóttir og Hrafnhildur Gunnarsdóttir klæddar sem brúðgumar. Kötturinn Kæfa hefur gaman af.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lög sem kveða á um að samkynhneigðir öðlist sama rétt og gagnkynhneigðir til að ganga í hjónaband tóku gildi 27. júní 2010. Hrafnhildi Gunnarsdóttur, kvikmyndagerðarkonu og fyrrverandi formann Samtakanna '78, rak því heldur betur í rogastans þegar hún fór nýverið inn á heimasíðu Sýslumannsembættisins í Reykjavík til að fylla út hjónavígsluvottorð og sá að ekki var gert ráð fyrir samkynhneigðum.

„Á síðunni var bara plagg sem tilgreindi brúði og brúðguma. Ég hringdi því í Sýslumannsembættið í Reykjavík til að vita hvort hægt væri að nálgast skjal ætlað samkynhneigðum en var þá tjáð að slíkt væri ekki til og auk þess væri það ekki í verkahring Sýslumanns að gefa það út heldur

Þjóðskrár. Væri mér þetta eitt-hvert hjartans mál gæti ég bara prentað út blaðið og strikað yfir brúðguma,“ segir Hrafnhildur og fannst skýringin sýna fullkomið tillitsleysi.

Í framhaldi fór Hrafnhildur á leit við Þjóðskrár að fá eyðuskjalið leiðrétt. „Mér var þá sagt að það væri enn í vinnslu þar sem þetta væri vandamt og tímafrekt verk. Engu breytti þótt ég benti á að um eitt pdf skjal væri að ræða og byðist meira að segja sjálf til að útbúa nýtt,“ segir hún og ákvað því að bíða með fyrirhugað brúðkaup þar til Þjóðskrár bætti þjónustuna.

Hrafnhildur þarf þó líklegast ekki að bíða lengi þar sem þau svör fengust í gær hjá Þjóðskrár að nýtt eyðublað hefði verið gefið út laust fyrir helgi. Þar er talað um

hjónaefni í stað brúðar og brúðguma. En af hverju tók breytingin á annað ár?

„Þjóðskrár og Fasteignasvið Íslands sameinuðust 1. júlí 2010. Síðan þá höfum við þurft að breyta fleiri tugum eða nær hundruðum eyðublaða. Mörg þeirra þarf að vinna í samráði við innanríkisráðuneytið og mörg stjórnvöld. Það ferli hefur því miður tekið mjög langan tíma,“ segir Sólveig J. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Þjóðskrár og gæðasviðs.

Hrafnhildur gefur lítið fyrir þessu svör. „Sérstaklega þegar horft til þess að frá árinu 1996 hafa þrjár lagabreytingar verið gerðar til að bæta hjúskaparstöðu samkynhneigðra og á þeim tíma hefur vottorðið haldist óbreytt.“

roald@frettabladid.is



Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lðjubálfara, sjúkrabálfara og lækna hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gíslöft og mikla lofthæð.



...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999





Til að forvarnir virki er yfirskrift morgunverðarfundar sem samstarfshópurinn Náum áttum stendur fyrir á Grand hóteli miðvikudaginn 12. október frá 8.15 til 10. Skráning fer fram á www.lydheilsustod.is til klukkan 17 í dag.

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Tímamantanir 534 9600

Heyrn · Hlíðasmári 11 · 201 Kópavogur · heyirn.is

Hugræn atferlismeðferð ætti að vera fyrsti kostur

Hóptímar innan heilsugæslunnar þar sem beitt er hugrænni atferlismeðferð við þunglyndi og kvíða virðast árangursríkir, að sögn Hafrúnar Kristjánsdóttur sálfræðings sem vinnur að rannsókn á gildi þeirra.

„Hugræn atferlismeðferð á heilsugæslustöð ætti, samkvæmt klínískum leiðbeiningum, að vera fyrsti kostur við vægu þunglyndi og kvíða en þannig er það ekki á Íslandi. Hér eru lyfin í fyrsta sæti,“ segir Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur. Hún er meðal frummælenda á málþingi sem haldið er í Háskólanum í Reykjavík 13. október og ber yfirskriftina Aðgengi að hugrænni atferlismeðferð eru mannréttindi?

Hafrún er starfsmaður geðsviðs Landspítalans. Hún segir að frá 2005 hafi fólki með vægan þunglyndisvanda verið boðið upp á hóp-tíma í hugrænni atferlismeðferð á nokkrum heilsugæslustöðvum. „Það er í raun doktorsverkefni mitt,“ segir hún. „Við höfum haft þessa tíma á 12 af 15 heilsugæslustöðvum í Reykjavík, einnig á Egilsstöðum og Ísafirði og frá byrjun sinnt tæpum 800 einstaklingum. Þetta er fyrir þá eins og að setjast á skólabekk og árangurinn er hreint ansi góður miðað við hvað þetta er lítið inngrip.“

Í upphafi er fólk tekið í greiningarviðtal að sögn Hafrúnar. Þá er lagður fyrir það sjálfsmatskvarði til að meta þunglyndi, kvíða, lífs-



„Sjúklingarnir taka þessu vel og læknamir líka,“ segir Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur um hugræna atferlismeðferð á heilsugæslustöðvum.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

gæði, streitu og þankagang, svo eitthvað sé nefnt. „Kvarðann leggjum við líka fyrir meðan á meðferð stendur, í lok hennar og þremur mánuðum síðar. Við erum enn að vinna í útkomunum en niðurstöður frá 441 sjúklingi sýna að meðferðin skilar góðum árangri.“

Hafrún segir breska ríkið setja mikið fé í sambærilegt verkefni en fá það til baka því fólk sé færri daga frá vinnu, komi sjaldnar á

heilsugæslu, taki minna af lyfjum og hætti á örorkubótum. Hér á landi er enn um tilraunaverkefni að ræða, býst hún við breytingum á því? „Niðurstöðurnar eru það góðar, sjúklingarnir taka þessu það vel og læknamir líka að ég sé ekki af hverju þetta ætti ekki að verða fastur liður,“ svarar hún. „Annað væri kjánalegt út frá öllum sjónarhornum.“

gun@frettabladid.is

Kynning - auglýsing

Óþægindin hurfu strax

Maxim Sensitive svitastoppari er byltingarkenndur valmöguleiki fyrir fólk með viðkvæma húð. Steinunn Hall fann strax mun eftir að hún skipti yfir í Maxim Sensitive.

Ég er ein af þeim sem mega aldrei sjá eitthvað nýtt auglýst í snyrtivörugæiranum, þá verð ég að prófa það,“ segir Steinunn Hall, stjórnendamarþjálfari og viðskiptafræðingur, en hún keypti sér Maxim svitastoppara fyrir nokkru eftir að hafa séð hann auglýstan í blöðum. Hluti af starfi Steinunnar er fólgin í að þjálfa hópa og/eða halda fyrirlestra og vill hún þá geta klætt sig í hvaða fót sem er án þess að þurfa að hafa áhyggjur af svitamyndun.

Vegna vinnu sinnar þarf hún oft að halda fyrirlestra fyrir framan hóp af fólki en vill geta klætt sig í hvaða fót sem er án þess að hafa áhyggjur af svitamyndun.

Steinunn fann þó fljótlega fyrir óþægindum við notkun svitastopparans og hafði samband við innflytjandann, sem tók strax á vanda málinu.

„Ég fann fyrir mikilli ertingu og óþægindum í húðinni undir höndum svo ég gat ekki sofið. Ég sá á netinu að þetta er þekkt vandamál og að til er eitthvað sem heitir Maxim Sensitive. Ég hafði samband við Söndru Lárusdóttur, sem tók mér strax vel. Hún sendi mér samdægurs Maxim Sensitive og bað mig að láta sig vita hvernig það færi í mig,“ segir Steinunn og bætir við að óþægindin hafi horfið eins og skot.

„Nú finn ég ekki fyrir neinum óþægindum. Ég nota Maxim Sensitive þrisvar í viku fyrir svefn og get gengið í hvítu skyrtu eða síðerma þröngum bómullarbolum í hvaða lit sem er, algjörlega áhyggjulaus og handarkríkinn alltaf þurr. Svita-stopparinn endist í 48 tíma og ég get farið í sturtu, sund eða í ræktina án þess að þurfa að bera á mig aftur. Eitthvað nýtt og sniðugt, sem virkar í raun eins og auglýsingin sagði til um,“ segir Steinunn.

„Þessi valmöguleiki er bylting fyrir viðkvæma,“ segir Sandra Lárusdóttir hjá At húsi ehf og bendir á að Maxim Sensitive gæti til dæmis hentað yngra



„Æðislegt að prófa eitthvað sem virkar,“ segir Steinunn Hall um Maxim Sensitive svitastopparann.

fólki. Algenzt er að unglingar sem eiga við vandamál að stríða með svitamyndun, eins og í handarkrika, í andliti, á höndum eða fótum, líða mjög fyrir þetta vandamál og þá er þessi möguleiki fyrir hendi.“

„Maxim Sensitive inniheldur einungis 10,8 prósent af álklóríði í stað 15 prósentu og gæti hentað þeim hópi betur,“ segir Sandra. „Ég mæli ekki endilega með að börn noti svitastoppara en margir unglingar líða mjög fyrir þetta vandamál og þá er þessi möguleiki fyrir hendi.“ Söluaðilar Maxim eru: Apótek Garðabæjar, Apótekið, Apótek Vesturlands, Árbæjarapótek, Butik.is. Choke, Femin.is, Fjarðarkaup, Hagkaup, Hressó Vestmannaeyjum, Laugar Spa World Class, Lyfja, Lyfjaborg, Lyfjaval, Lyfjaver, Reykjavíkrapótek, Rimaapótek, Urðarapótek, Verði þinn vilji og World Class.

BURT MED BUMBUNA

395 KCAL



Fitness Burrito

Heilhvætti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og súrður rjómi. 1.190 kr

Hot 'n Sweet

385 KCAL

Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetohili sósa, nachos og súrður rjómi (guacamole +85 kcal) 1.350 kr



383 KCAL



Tacos

m. nautahakki
3 tacoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og súrður rjómi. 1.340 kr



Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

MATUR



Sölufulltrúar:

Jóna María

jmh@365.is 512 5473

Brynja Dan

brynjadan@365.is 512 5465

Snorri

snorris@365.is 512 5457

ÚT AÐ BORDA

ÞRIÐJUDAGUR 11. OKTÓBER 2011

Kynningarblað Nýjungar, siðir, saga og menning.



„Hugmyndafræðin á bak við UNO hefur alltaf verið að bjóða upp á ítalska rétti en byggja að mestu á íslensku og fersku hráefni,“ segir Guðmundur Melberg yfirmatreiðslumaður á UNO. MYND/GVA

Ekta ítölsk stemning

Á veitingastaðnum Uno í Hafnarstræti 1-3 er boðið upp á ferskt ítalskt eldhús þar sem ítalskar matarhefðir og íslenskt hráefni mynda frábæra heild. Lögð er áhersla á ferskt hráefni, góða matreiðslu og ekki síst góða stemningu.

Ítalskur andi svífur yfir vötnum á veitingastaðnum Uno sem var opnaður í Hafnarstræti í janúar. „Upphaflega hugmyndin að Uno vaknaði út frá ferðalagi fjögurra matreiðslumanna á veitingastað í London. Þeir vildu vita hvort markaður og svigrúm væri til að opna nútímalegan ítalskan veitingastað með áherslu á ferskt pasta, framandi forrétti og alvöru Toscana-stemningu. Þeir komu heim með fyrirætlanir um að opna slíkan stað á Íslandi,“ segir Kristinn Jón Gíslason, framkvæmdastjóri veitingastaðarins. Hann kom sjálfur fyrst á Uno sem gestur með fjölskyldu sinni. „Við urðum gersamlega ástfangin af staðnum og vorum sammála um að við yrðum að eignast hann. Spilaði þar inn í stemningin, staðsetningin, umhverfið og maturinn,“ segir Kristinn, sem hefur verið viðriðinn

veitingahúsarekstur til lengri tíma. „Við gerðum tilboð og á endanum náðum við þessu saman og staðurinn hefur verið í okkar eigu síðan í apríl. Viðbrögðin hafa verið mjög góð, en í sumar afgreiddum við í kringum fimmtíu þúsund manns,“ upplýsir Kristinn en á Uno geta margir snætt í einu. Á neðri hæðinni eru sæti fyrir rúmlega hundrad manns og nýlega var aðstaðan á efri hæðinni stækkuð og er þar hægt að taka við sjötíu manna hópum í einu. „Þar sem staðurinn er stór og aðsóknin góð höfum við getað boðið mjög sanngjarnt verð á okkar réttum,“ segir Kristinn, en matseðillinn er fjölbreyttur og girnilegur. „Við erum svo heppin að hafa frábæran yfirmatreiðslumann, Guðmund Melberg, á okkar snærum,“ segir hann og gefur Guðmundi orðið.

„Hugmyndafræðin á bak við Uno hefur alltaf verið að bjóða upp á ítalska rétti en byggja að mestu á íslensku og fersku hráefni,“ segir Guðmundur, sem lærði til kokks á La Primavera og starfaði þar í mörg ár. Hann hefur því ítalska matargerð í fingurgómum. „Þegar ég var að byrja þurfti að flytja inn til landsins mest af hráefninu en undanfarin ár hefur orðið mikil þróun hér í landi á vörum sem hafa ítalskt yfirbragð,“ segir hann, en ostar, grænmeti, kjöt og fiskur sem borin eru fram á Uno eru flest upprunnin á Íslandi. „Þó flytjum við eitthvað inn, til dæmis parmaskinkuna og kolkrabbalekið,“ segir Guðmundur. Eitt af sérkennum Uno er að þar er eingöngu boðið upp á ferskt pasta sem lagað er nýtt á hverjum degi. En er það ekki mikil vinna?

„Jú, auðvitað er það vinna, en það munar bara svo rosalega miklu að nota ferskt pasta, gæðin eru svo miklu meiri,“ segir Guðmundur og bætir við að fólk trúi því varla hvað það geti verið mikill munur á fersku og þurrkuðu pasta. „Þá finnst fólki það líka upplifun að sjá kokk laga ferskt pasta fyrir framan það.“ Guðmundur segir vinsælustu réttina nokkra. „Við erum með gott úrval af réttum bæði forréttum og aðalréttum. Vinsælastar eru óvissuferðin sem stendur af fimm réttum, einnig bruschettur, carpaccio, ravioli fritti og kjötplattinn, en á honum eru blanda af pylsum, ostum og ólífum sem gaman er að deila með borðfélögum sínum. Svo erum við að byrja með nýjan matseðil í dag,“ segir hann og hvetur alla til að koma og prófa.



VEISLUÞJÓNUSTA UNO

Veitingastaðurinn UNO mun í vikunni fara af stað með nýja veisluþjónustu. „Við vorum valin til að sjá um matinn í veislu sem Skjár einn hélt í Íslensku óperunni en þar var öllu tjaldað til. Það lukkaðist svo vel að við ákváðum að stofna okkar eigin veisluþjónustu,“ segir Kristinn framkvæmdastjóri og bindur miklar vonir við að vel takist til.



Eigendur Uno eru þau Kristinn, Unnur og Gísli.

NÝR MATSEÐILL Í DAG

Spennandi tímar eru fram undan á UNO, því byrjað verður á nýjum matseðli í dag. Á matseðlinum eru nokkrar skemmtilegar nýjungar. Þar má nefna kolkrabbableks englahárspasta með humri, laxa-carpaccio og saltfisk-carpaccio, viðargrillaðan kálfafrýggvöðva með Limoncello-smjöri og „new style“ kjúklingapasta með djúpsteiktu raviólí.



Aðeins er notað ferskt pasta á UNO. Það er búið til nýtt á hverjum degi í sérstakri pastagerðarvél.

Ottobre festa
UNO
Hafnarstræti 1-3
101 Reykjavík
Sími 561 1313
uno.is

3ja rétta matseðill
3.490 kr.
Gildir sunnudaga til miðvikudaga



uno
cucina italiana

Matardekur Hrefnu

Það er ekki í kot vísað að leggja sér góðgæti Hrefnu Rósu Sætran til munns, en hún kætir munn og maga gesta sinna á Grill- og Fiskmörkuðunum í hjarta Reykjavíkur.

Andi jólanna hefur boðað komu sína í glæst veitingahús Hrefnu Sætran um miðjan nóvember, en þá mun hún bjóða gestum til nýstárlegs jólahlaðborðs öll hádegi og kvöld fram að jólum. „Þá munum við dekra við gesti okkar í hvívetna, án þess að þeir þurfi nokkurn tímann að standa upp eftir jólakrásunum,“ segir Hrefna, sem mun færa hverjum og einum gesti jólamatinn beint á borðið. „Allt verður það ríkulega útlátið; hreindýr, þörusteik, laufabrauð og hvaðeina á nýmóðins hátt í bland við gamlar hefðir,“ segir Hrefna.

Á Grillmarkaðinum og Fiskmarkaðinum verða mismunandi jólamatseðlar og sérstakt jóla-sushi á þeim síðarnefnda, með grófum og reyktum laxi ásamt öðru lostæti með jólaívaði.

„Staðirnir eru afar ólíkir,“ útskýrir Hrefna. „Á Fiskmarkaðinum er mest lagt upp úr fiskmeti og sushi, á meðan aðall Grillmarkaðarins er íslenskt kjöt og hráefni beint frá bónda. Það gerir gæfumuninn, því himinn og haf er milli íslensks og innflutts kjöts. Við látum kjötið hanga og meðhöndlum það með leynilegri aðferð svo eldun verði fyrsta flokks, því kjöt af nýslátruðu út úr búð er seigt vegna skorts á niðurbroti í vöðvum,“ upplýsir Hrefna, sem einnig grillar á alvöru kolagrilli á Grillmarkaðinum. „Mörg veitingahús státa af grilli en eru þá í raun að grilla á bragðlausu rafmagnsgrilli. Á Grillmarkaðinum grillum við á sérútbúnu kolagrilli sem gefur hið eftirsóknarverða grillbragð,“ segir Hrefna, sæl í nýuppgerðu húsnæði Nýja bíós á brunareitnum við Austurstræti.

„Fólk er mjög áhugasamt um húsin og við sjáum marga gesti koma aftur og aftur. Hér ríkir einstakur andi og mikil stemning. Mikið er um afvikin rými í húsinu og Grillmarkaðurinn er því tilvalinn fyrir barnafólk líka, því allir geta verið út af fyrir sig,“ segir



Grillmarkaðurinn býður upp á yndislegar stundir yfir góðum mat í töfrandi umhverfi.

Hrefna, sem í Grillmarkaðinum býður afslappað andrúmsloft, fádæma flott húsakynni fyrir gesti af öllum toga og matseðil sem er viðráðanlegur fyrir budduna.

„Í hádeginu á báðum stöðum erum við með sömu matseðla og á kvöldin, en fyrir mun lægra verð þótt við slökum hvergi á í hráefni eða þjónustu á móti. Okkur skiptir miklu að fólk hafi valkost í hádeginu, geti komið í fagurt umhverfi og notið holls og góðs matar fyrir sama verð og kostar að velja óhollan skyndibita.“

BORÐSIÐIR HELGU SIGURÐARDÓTTUR

Í bókinni **Matur og drykkur** eftir Fr. Helgu Sigurðardóttur, sem kom fyrst út árið 1947 og hefur verið endurútgefin margoft síðan, er kafla um borðsiði. Hér eru valdir kaflar. Sumir koma ef til vill spáskt fyrir sjónir en aðrir eru enn í góðu gildi.

● Komið ætíð hrein og snyrtilega klædd til máltíða. Mætið stundvíslega.

● Sitjið rétt, hæfilega langt frá borðinu og hafið fæturna við stólinn. Leggið handleggina ekki á borðið. Takið ekki of mikið í einu af fatinu og ekki eingöngu það, sem ykkur þykir gott, eða bestu bitana. Skiljið ekki eftir.

● Jafnvel þó að yður falli ekki sá réttur, sem fram er borinn, eða þér þekkið hann ekki, þá takið af honum og borðið. Það er ekki háttvísi að segja, að yður langi ekki í þetta.

● Matist eins hljóðlega og hægt er og tryggjið með lokuðum munni. Sötrið ekki.

● Súpan er borðuð úr hlið skeiðarinnar, en grauturinn úr henni beinni. Ekki má blása á matinn til þess að kæla hann og ekki taka diskinn upp með hendinni. Haldið ekki of neðarlega á skeið, hníf eða gaffli.


● Látið hnifinn aldrei upp í yður, borðið með gafflinum.

● Talið ekki með mat upp í yður. Teygið yður ekki yfir borðið eða sessunaut yðar, biðjið heldur um að rétta yður það, sem þér óskið eftir.

● Sérhver verður að gefa því gætur, að sessunaut hans skorti ekkert, og sérstaka athygli verður að viðhafa, þegar gestir eru.

● Það er ekki kurteisi að stanga úr tönnum, þegar aðrir sjá til.

● Ekki er háttvísi að lesa við borðið.



Veitingastaðir hérlendis voru í fyrstu yfirleitt tengdir gistingu.

Brot úr sögunni

Ýmislegt forvitnilegt kemur upp úr dúrnum þegar saga veitingastaða hérlendis er skoðuð.

- Árið 1876 stofnar Páll Eyjólfsson veitingahúsið og gististaðinn Geysi við Skólavörðustíg. Í tilkynningu sem Páll sendir frá sér skriflega segir að hann ætli að veita gestum sínum þá þjónustu í mat og drykk er þekktist erlendis.
- Sama ár stofnar Nikulás Jafetsson gisti- og veitingahús við Hlíðarhúsaveginn.
- Tíu árum síðar er Café Hermes sagður þægilegur veitingastaður sem skemmtilegt er að sækja á kvöldin og ræða mál svo sem „atvinnuvegi, gufuskipaferðir, kvenfrelsi og menntun alþýðu“ að því er segir í Ísafold 1887. Meðal drykkja sem eru á boðstólum eru engiferöl og límonaði og „hollur drykkur“ sem kallast montserratt.
- Árið 1928 var byrjað að reisa gisti- og veitingahús í Prastaskógi í Grímsnesi, en Elín Egilsdóttir byggði húsið og starfrækti.
- Matsölustaðurinn Café Vífill naut mikilla vinsælda hér í borg en staðurinn var einkar vinsæll á árunum 1920-1940. Gestir gátu gluggað í íslensk og útlend blöð og hlustað á fréttir sem útvarpað var, íslenskum og útlendum. Veitingar voru einnig sendar heim.



suZushii

Kringlan 4-12 | Stjörnutorg
Sími 553 2222 | www.suzushii.is



Leifur segir útsýnið magnað og stemninguna á staðnum eftir því.



MYNDIR/ANTON Staðurinn er vel nýttur af fólki sem sækir viðburði í Hörpu.

Lúxusupplifun með útsýni

Kolabrautin á fjórðu hæð Hörpu, sem dregur nafn sitt af fyrri starfsemi svæðisins, var opnuð í maí og hefur fest sig rækilega í sessi. Þar elda kokkarnir dýrindis krásir fyrir opnum tjöldum og gestir njóta útsýnisins yfir Reykjavík, höfnina og út á sjó.

Veitingastaðurinn Kolabraut-in var opnaður á fjórðu hæð Hörpu í maí. Þar er opinn eldhúsbær eftir miðjum salnum og fer eldamennskan öll fram fyrir opnum tjöldum. Boðið er upp á hádegisverðarmatseðil, a la carte kvöldverðarmatseðil og fjögurra rétta Kolabrautarveislu þar sem villibráðin er í aðalhlutverki sem stendur.

„Við erum með frábært útsýni yfir höfnina og til vesturs og bjóðum algerlega nýtt sjónarhorn á Reykjavíkurborg,“ segir Leifur Kolbeinsson, einn fjögurra eigenda, en hann rekur staðinn ásamt eiginkonu sinni Jónínu Kristjánsdóttur og hjónunum Jóhannesi Stefánssyni og Guðnýju Guðmundsdóttur.

Fyrir framan staðinn er Kolabrautarbarinn, sem er mikið notaður fyrir tónleika og sýningar auk þess sem matargestir tylla sér gjarnan niður í fordrykk. „Barinn er vel sóttur af gestum Hörpu, sem eiga þar ýmiss konar erindi, og leggjum við meðal annars áherslu á alls kyns gómsæta kokkteila. Þá bjóðum við léttar tveggja rétta máltíðir inni á staðnum, sem margir panta fyrir sýningar og aðrar uppákomur í Hörpu,“ upplýsir Leifur. Hann segir staðinn í finni kantinum og að þar starfi úrvalskokkar. „Yfirkokkurinn Þráinn Freyr Vigfússon er einn af bestu kokkum landsins og veitingastjórinn Guðni Hrafn Grétarsson er fagmaður fram í fingurgóma. Engu að síður er verið nokkuð viðráðanlegt,“ segir Leifur og nefnir hádegisverðarseðilinn sem dæmi. „Við bjóðum upp á þriggja rétta máltíð. Gestir velja úr þremur forréttum, fisk, kjöt eða grænmeti í aðalrétt og svo eftirrétt á 3.850 krónur. Þetta er lúxusmatur fyrir lítinn pening. Kolabrautarmatseðillinn er svo að öllu jöfnu á 7.600 krónur en nú þegar villibráðin er í aðalhlutverki er verið aðeins hærra og vegur þar hreindýrið



Villibráðarmatseðill verður fyrirferðarmikill á næstunni.

þyngst.“ Villibráðarmatseðillinn verður fyrirferðarmikill næstu vikurnar en síðustu vikuna í nóvember tekur jólamatseðillinn við. „Þá verðum við bæði með litlu og stóru jólin. Á stóru jólonum bjóðum við fimm forrétti, aðalrétt að eigin vali og svo fjóra eftirrétti fyrir hvern og einn. Litlu jólin eru smækkuð útgáfa og henta þeim sem eru tímabundnir og ætla til dæmis að

sækja viðburði í Hörpu. Síðan tekur glæsilegur nýársfagnaður við á nýársdag.“ En hvaðan kemur nafn staðarins? „Það er dregið af svæðinu, en hér var kolakraninn á sínum tíma og Kol og salt. Hér var uppskipun kola og salts og Kolaportið á næsta leiti,“ útskýrir Leifur. Hann og starfsfólk Kolabrautarinnar þakka frábærar viðtökur.



Á staðnum vinna úrvalskokkar. Yfirkokkurinn er Þráinn Freyr Vigfússon.



Hádegisverðarmatseðillinn er prírétta og á verði sem kemur á óvart.

Ekki segja „chin chin“ í Japan

Allir vita að góðir borðsiðir eru grundvöllur þess að máltíðin verði ánægjuleg. Það skiptir þó öllu máli í hvaða heimshluta fólk er statt hvað telst góðir borðsiðir og mannsiðir almennt.

Japan eru gjarnan bornir fram margir réttir á stórum fötum sem allir við borðið deila. Aldrei má fjarlægja mat af fati með sama enda matprjónanna og fólk setur upp í sig, heldur skal ávallt nota breiðari enda prjónanna til að færa mat yfir á sinn disk. Það teljast góðir borðsiðir að borða allt af diskinum og ganga frá diskum, skálum og prjónum á nákvæmlega sama hátt og lagt var á borð þegar máltíð er lokið.

Önnur meginregla í japönsku borðhaldi er að menn skenkja aldrei víni sjálfir í eigið glas heldur fylgjast með þegar lækkar í glösum annarra við borðið og fylla þá á. Glös eiga helst aldrei að tæmast meðan á máltíð stendur. Vesturlandabúar þurfa líka að varast að segja „chin chin“ þegar glösum er klingt, þar sem sá frasi tengist kynfærum karla á japönsku. Hið kórrétta japanska orð fyrir „skál“ er „kampai“.

Í Bretlandi eru borðsiðir taldir skera úr um það hvort fólk er í húsum hæft eða ekki. Strangar reglur fylgja borðhaldi og eru þær stimplaðar inn í börn betri borgara frá unga aldri. Meðal þess sem þykir algjörlega nauðsynlegt er að byrja ekki að borða fyrr en allir hafa fengið mat á diskinn og taka ekki fyrsta vinsopann fyrr en glösum er lyft til að skála í fyrsta sinn. Hvernig haldið er á vínglösunum fer eftir því hvaða vín er verið að drekka. Á hvítvínsglösum skal halda um fót glassins en sé rauðvín í glasinu skal verma það með því að setja kúptan lófann utan um belg glassins. Allt af skal bragða á matnum áður en bætt er á hann salti



Veita skal sessunautnum óskipta athygli og argasti dónaskapur er að tala í síma eða senda SMS.

eða pipar, annað þykir vantraustsyfirlýsing á kokkinn og argasti dónaskapur.

Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku þykir það mikill dónaskapur að senda SMS eða svara í síma meðan á borðhaldi stendur. Sé símtalið sérlega áríðandi á að afsaka sig og fara frá borðinu áður en svarað er. Þar í landi þykir það einnig ganga guðlasti næst að leggja servíettuna á stólinn á meðan farið er frá borðinu og sé það gert má alls ekki nota hana til að þurrka sér um munninn eftir að komið er aftur að borðinu. - fsb



Það skiptir máli hvað er í glasinu þegar haldið er á því.



KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFHA HANDBÓKIN

MEÐAL EFNIS
Í BLAÐINU:

JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI,
SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORDHALD
JÓLASÍÐUR OG VENJUR

Bókið auglýsingar tímanlega:

Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429, gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigridurdagny@365.is



Í RÓMAVELDI TIL FORNA

Veitingahús voru í Rómaveldi og voru þau kölluð thermopolia. Þar var seldur heitur og kaldur matur auk víns og nutu staðirnir mikilla vinsælda. Bæði voru mörg heimili án eldhúss og eins þótti það mikilvægur þáttur í mannlegum samskiptum að deila máltíð. Staðirnir voru oftast með L-laga bar í miðjunni sem var holur að innan og þar ofan í voru geymdar risatunnur fullar af mat eða víni og upp úr þeim var skóflað á diska gestanna.



ÞÝSK STEIK VERÐUR BANDARÍSKUR BORGARI

Um uppruna enska orðsins hamburger má lesa á vísindavef Háskóla Íslands. Þar segir að ef hann sé skoðaður verði niðurstaðan sú að borgin Hamborg liggir að baki nafninu. Á fyrri hluta 19. aldar voru kryddaðar buffsneiðar eða kjöthakksneiðar vinsælar í Þýskalandi, þar á meðal í Hamborg. Þar hlaut rétturinn heitið Hamborgarsteik. Um miðbik 19. aldar barst þessi réttur svo til Bandaríkjanna með þýskum innflytjendum og varð fljótt vinsæll. „Hamburger steak“ styttist svo í „hamburger“ og rétturinn tók smám saman á sig þá mynd sem við þekkjum í dag. Ekki er ljóst hvenær brauðinu var bætt við buffsneiðina en hamborgarar með brauði þekktust að minnsta kosti í Bandaríkjunum í byrjun 20. aldar. Þeir urðu mjög vinsælir þar vestra og hafa allar götur síðan þótt bandarískur réttur fremur en þýskur.



ENDURNÝJUN Í PARÍS

Um miðja 18. öld spruttu upp í París súpueldhús, sem seldu heita súpu sem kölluð voru „restaurant“. Nafnið er dregið af sögninni „restaurer“ sem þýðir að endurnýja. Þegar veitingahús eins og við þekkjum þau í dag fóru að ryðja sér til rúms í París festist nafn súpunnar góðu við þau, enda hugsunin sú að þangað sæktu menn endurnýjaðan styrk og líkamlega og andlega uppörvun.

Flestum heimildum ber saman um að upphaf nútíma veitingahúsa megi rekja til veitingahúss sem Antoine Beauvilliers kom á fót í París árið 1782. Þar var í fyrsta sinn boðið upp á það að gestir sætu við stök borð, gætu pantað mismunandi rétti af matseðli og fengið matinn og vínið borið á borð fyrir sig. Þessi nýja gerð veitingahúss vakti mikla hrifningu Parísarbúa og samsvarandi stofnanir breiddust sem eldur í sínu um Evrópu og Norður-Ameríku á örskömmum tíma.



HEIMLICH-TAK EF STENDUR Í HÁLSI

Ef matur festist í hálsi sprettur fólk gjarnan upp frá borðum og grípur um háls sér. Það getur ekki talað, nær ekki andanum og sumir fölna upp. Þá skal brugðist skjótt við en með Heimlich taki má losa um það sem lokar öndunarveginum. Standið fyrir aftan þann sem er að kafna og grípið um mitti hans. Kreppið hnefa annarrar handar svo þumallinn sé rétt ofan við nafla. Grípið um hnefann með hinni hendinni og þrýstið snögg inn og uppávið. Ef ekki tekst að losa aðskotahlutinn eftir endurteknað tilraunir og viðkomandi missir meðvitund skal hringja á neyðarlínuna og hefja hjartahnoð.

Heimild: wikipedia





Það skiptir máli hvers konar veitingahús verða fyrir valinu, vilji fólk halda línunum í lagi.

ÚT AÐ BORÐA EÐA ÚT AÐ BORÐA?

Nýlegar bandarískar rannsóknir leiddu í ljós að fólk sem býr á svæðum þar sem mikið er af fullgildum veitingahúsum er grennra en það sem býr á svæðum sem uppfyll eru af skyndibitastöðum. Þeir sem vilja passa upp á líkamsvöxtinn þurfa því engan veginn að halda aftur af sér við það að fara út að borða. Málið snýst um það að velja rétta tegund af veitingahúsi.

Viðskipti við veitingahús hafa aukist gífurlega í Bandaríkjunum síðustu áratugi. Árið 1940 eyddi fólk 15 prósentum af því fé sem fór í matarkaup á veitingahúsum en árið 2005 var hlutfallið orðið 40 prósent sem eytt var á veitingahúsum á móti 60 prósentum sem eytt var í mat til að elda heima.

Rannsóknin tók til 714.000 einstaklinga á aldrinum 18 til 67 ára og var gerð í Bandaríkjunum samkvæmt vefsíðunni diet-blog.com.

LÉTT SNARL FYRIR SVEFNINN

Óráðlegt er að borða stóra og þunga máltíð rétt fyrir svefninn, þar sem það er talið auka líkur á meltingartruflunum. Best er að borða að minnsta kosti tveimur tímum fyrir svefninn. Áður en gengið er til náða getur hins vegar verið tilvalið að fá sér létt snarl, volga mjólk, ristaða brauðsneið með hnetusmjöri eða skál af morgunverðarkorni með mjólk. Ástæðan er sú að í

mjólk og jarðhnetum og reyndar líka í kalkúnakjöti er aminosýran tryptófan, en heilinn notar hana til að mynda taugaboðefnið serótónín sem hefur róandi áhrif.



ÍSLENSK NÁTTÚRA

ÍSLENSK UPPLIFUN



ÍSLENSK VILLIBRÁÐ

Villibráðaveisla á LAVA - Bláa Lóninu
Föstudaginn 11. nóvember og laugardaginn 12. nóvember
Verð 7.500 kr. á mann
Innifalið: Villibráðahlaðborð, vínsmökkun og boðsmiði í Bláa Lónið


„Við viljum þakka fyrir frábært villibráðakvöld. Maturinn var ofboðslega góður og kvöldið flott sett upp. Við værum til í að fá að vera með á næsta ári ef hægt er.“

Strákarnir í verkstæðismóttöku Toyota


Bókanir í síma 420 8800
eða með því að senda tölvupóst á sales@bluelagoon.is

www.bluelagoon.is





Lesendur okkar
eru á öllum aldri



með ólíka
sýn á lífið



– og við þjónum
þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft



BYLGJAN 25 ÁRA 989

**Heimir & Kolla
vakna með þér í bítíð**

Fréttir, fróðleikur
og frábær tónlist
alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og
Gissur með fréttirnar



Ákveðnir réttir höfða meira til barna en aðrir. Þannig getur fjölskyldan sameinast í því að borða gírnilega ítalska spagettirétti.

Gaman úti að borða með börnunum

Vel heppnuð ferð á veitingastað með börnum er oft undir því komin að ekki sé farið of seint út að snæða, börnin séu höfð með í samræðunum og umhverfið sé þægilegt.

Það getur verið mjög skemmtilegt og gefandi að fjölskyldan fari öll saman út að borða og yngstu meðlimirnir þá líka hafðir með. Börn eru mörg hver ekki vön því að snæða úti og því er gott að búa þau undir það með því að segja þeim sem hafa aldur til hvernig maður hagar sér á veitingastöðum. Þá er hægt að æfa sig heima fyrir – leyfa börnunum að klæða sig í fínni fötin, sýna þeim hvernig maður á að reyna að beita hnífapörum sem og leggja þau frá sér og eitt og annað er tengist borðsiðum sem og að bera sýna starfsfólki veitingastaða virðingu. Þar skiptir auðvitað mestu máli að sýna gott fordæmi.

Þeytt börn endast ekki lengi við að sitja á veitingastað og því er gott að miða við að fara fyrir af stað heldur en ef aðeins fullorðnir skipa hópinn. Séu börnin vön að vera komin í rúmið um klukkan átta er til að mynda gott að miða við að fara um klukkan sex. Einnig er sniðugt að biðja sérstaklega um borð sem rúmgott er í kringum eða er eilítið afvikið til að fá meira næði.

Þegar veitingastaður er valinn er gott að hringja og athuga hvað af matseðlinum myndi henta ung-



Gott er að miða við að fara snemma út að borða, séu mjög ung börn með í för, og vera með leikföng og bækur í töskunni.

viðinu og hvort sérstakur barnamatseðill er til staðar því gott er að geta verið heldur fljótur að panta. Ferð á veitingastað er líka kjör-ið tækifæri til að kynna eitthvað nýtt fyrir börnunum og leyfa þeim að prófa sig áfram og þjálfa bragðlaukana með því að smakka til að mynda réttina sem þeir fullorðnu eru með. Gott er að panta brauðkörfu eða eitthvert létt snarl meðan beðið er eftir aðalréttunum.

Takið tillit til hugðarefna og áhugamála barnanna og leiðið borðsamræðurnar inn á þær brautir að börnin langi að taka þátt og geti lagt eitthvað til málanna.

Gott bragð, ef allt annað bregst, er að hafa tiltækar í veskinu litlar barnabækur, liti og smávegis leikföng sem mynda ekki hávaða. En þá er líka um að gera að geyma dótið þar til allt annað bregst.


ERTU BÚINN AÐ BORÐA?

Matur hefur alltaf verið snar þáttur í menningu Kínverja. Fólk sem hittist á förunum vegi spyr ekki „hvernig hefurðu það?“ þegar það hefur heilsast heldur spyr hvort annað „ertu búinn að borða?“.

Máltíðir eru félagsleg athöfn í Kína. Fjölskyldur og vinir borða saman og matur er borinn fram í stórum skálum sem allir fá sér úr. Það eina sem hverjum fyrir sig er skammtað í skál eru hrísgrjónin sem auðvitað fylgja hverri máltíð.

Það er kínverskur siður að heilsa hverjum fyrir sig þegar sest er að borðum og biðja þess að allir séu sestir áður en máltíðin hefst. Sá elsti við borðið fær fyrsta bitann og það er ekki fyrir en hann eða hún hefur tuggið hann og kyngt sem aðrir matargestir mega byrja að borða.





❁ Fimm rétta ❁
DIWALI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

❁ **FORRÉTTUR** ❁

Pather Ka Murgh

*Hlóðagrillaður kjúklingur í
kraftmikilli maríneringu, borinn fram
með kóriander-chutney.
Lostæti úr hringiðu Hyderabad!*

❁ **ADALRÉTTIR** ❁

Murgh Rogan Josh

*Hægeldaðar kjúklingalundir í himneskri
sósu með kanil, kardimommum og
negul. Eftirlætisréttur frá Norður-Indlandi.*

og

Gosht Mussalam

*Grillað lambafillet og ríkulega marínerað
með engiferi, hvítlauk, kókos, chillí,
kóriander og svörtum pipar. Gömul
uppskrift frá konungsdæminu
Avadh í Norður-Indlandi*

og

Rajma

*Nýrnabaunir eldaðar í ljúfri sósu með
túrmerik, kóriander, garam masla og chillí.
Réttur sem þorri manna í Norður-Indlandi
gæti ekki lifað án!*

❁ **MEDLÆTI** ❁

Raitha

*Heimalöguð jógurtsósa með
gúrkum og kryddblöndu*

og

Basmati hrísgrjón

og

Naan brauð

Gómsæti úr Tandoori-ofninum

❁ **EFTIRRÉTTUR** ❁

Crème Brulée

*Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti
með ferskjum og engiferi*

Hátíð ljóssins hjá *Austur-Indíafjelaginu*

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að
halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug
þeirra og hjörtu.

Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla
birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á
sérstakan **fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil í
október á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.**

Borðapantanir í síma 552 1630.

*Chandrika Gunnarsson hjá
Austur-Indíafjelaginu býður gesti
velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.*



Hverfisgata 56, 101 Reykjavík
Sími: 552 1630

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

100%

500
G. RÖMMA
e

Merrild

ÅRH 1763

MEDALJSTAD

MALAD KAFFI

Vår återkomst av bländet av
smak av lönns regnströmmar genomfalla,
kaffet och kaffet av smakar regnar av regn
og bringa tillförelse av en till fullt.





Íslenska liðinu gekk betur á Evrópubikarmótinu í fyrra. Þá hafnaði það í áttunda sæti eftir sigra á Ítalíu og Frakklandi.

Burstaðir í Belfast

Íslenska landsliðið í áströlskum fótbolta beið mikinn ósigur á Evrópubikarmótinu um helgina.

Óhætt er að segja að íslenska landsliðið í áströlskum fótbolta hafi mætt ofjörlum sínum á Evrópubikarmótinu í Belfast um helgina. Íslenska liðið lenti í riðli með sterkum liðum Wales og Englands og skemmst er frá því að segja að þau burstuðu okkar menn, 64-21 og 48-22. „Ég held að við getum þó unað við niðurstöðuna í ljósi þess að

við lentum í mjög sterkum riðli. Öttum kappi við þjóðir sem hafa spilað miklu lengur en við. Það vantar enn upp á reynsluna,“ segir Friðgeir Torfi Ásgeirsson, fyrirliði íslenska landsliðsins sem varð að gera sér að góðu næstneðsta sætið á mótinu. Þrátt fyrir slakt gengi er þó enga uppgjöf að greina hjá íslenska liðinu. „Þvert á móti erum við rétt að fara af stað með að festa þessa íþrótt í sessi hérlandis og látum ekki einhverja byrjunarörðugleika slá okkur út af laginu,“ segir Tómas G. Gíslason, íþróttastjóri ástralska fótboltans á Íslandi. Hann lætur þess getið að lokaleikurinn í Íslandsmótinu fari fram á næstu vikum, en þá eigast við Gammur og Griðungar. Sjá www.and-spyrna.is.



Friðgeir Torfi Ásgeirsson, fyrirliði íslenska liðsins.

Fyrirlestur um húmor

„Big Spring kom reyndar út í Evrópu fyrir þremur vikum, einfaldlega vegna þess að ég hafði ekki tíma til að sinna útgáfunni almennilega hér heima fyrr en nú,“ segir Helgi, en hann hefur eytt löngum stundum erlendis, meðal annars í Danmörku og Þýskalandi, við tónleikahald hin síðari ár. Hann segir fyrsta lagið sem fer í spilun í Evrópu af nýju plötunni, Darkest Part of Town, með því poppaðra sem hann hafi sent frá sér til þessa, ásamt reyndar einu öðru lagi af plötunni. „Lagið hefur náð inn á lista og verið á topp 20 yfir mest spiluðu lögin á nokkrum mikilvægum útvarpsstöðvum í Þýskalandi, sem er auðvitað frábært.“ Aðspurður segir Helgi enn ekki ákveðið hvaða lag

af Big Spring fari næst í spilun, en fljótlega komi að ákvörðun í þeim efnum. „Við erum að velta þessu fyrir okkur. Sumir vilja velja lagið The Pond, sem er mun hægara lag, en hefur eitthvað við sig sem grípur fólk. Þetta kemur í ljós.“

Plötuna tók Helgi upp á Íslandi og í Los Angeles fyrr á þessu ári með hjálp frá góðu fólki, meðal annarra dönsku söngkonunni Tinu Dickow og gítarleikaranum Joel Shearer, sem leikið hefur með söngkonunni Alanis Morissette.

Innan skamms heldur Helgi í tónleikaferðalag um Þýskaland, Austurríki, Sviss og Danmörku til að fylgja Big Spring eftir. Áður en að því kemur treður hann þó upp á Airwaves-hátíðinni næsta fimmtudag, 13. október, í Kaldalónssal Hörpu klukkan 23.20. „Ég hef aldrei spilað í Hörpu áður og það er spennandi. Ég held að flestir tónlistarmenn gleðjast mjög yfir tilkomu þessa húss,“ segir Helgi.

kjartan@frettabladid.is

Við leitum að ...

... sérbylí í Garðabæ.

Leita að par-, raðhúsi eða einbýli fyrir ákveðinn kaupanda í Garðabæ.

Um bein kaup er að ræða.



Nánari upplýsingar veitir
Ragna S. Óskarsdóttir
lögglitir fasteignasali

sími: 892-3342
ragna@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, lögglitir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Hádegistónleikar

í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil

LJÁÐU
OKKUR
EYRA



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 11. október 2011

→ Tónleikar

20.00 Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari flytja tónsmíðar íslenskra kvenna á tónleikunum 4 plús 47 í Kaldalóni í Hörpu. Miðaverð er kr. 2.000.

20.00 Felix Bergsson syngur ástarljóð **Páls Ólafssonar** á útgáfutónleikum í Salnum í Kópavogi. Sérstakir gestir eru söngkonurnar Valgerður Guðnadóttir og Jóhanna Vígdis Arnardóttir. **Miðaverð er kr. 3.000.**

20.30 Eyjólfur Kristjánsson heldur tónleika í **Egilsstaðakirkju**.

21.00 Hljómsveitin Lights on the Highway heldur tónleika á **Café Rosenberg**.

→ Útivist

Korpúlarnir, samtök **eldri borgara** í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug.

→ Samkoma

21.00 Spilakvöld verður haldið á **Príkinu**.

→ Kvikmyndir

20.00 Samtök lífrænna neytenda býður upp á kvikmyndasýningu í Norræna húsinu. Myndin heitir **The Future of Food** og fjallar um sannleikann á bak við nútíma matvælaframleiðslu. Aðgangur er ókeypis.

→ Fyrirlestrar

12.00 Henrik Lax, finnskur stjórnmálamaður og sérfræðingur um rússnesk stjórnmál, heldur fyrirlestur um **Rússland**, þær áskoranir sem það stendur frammi fyrir og þær áskoranir sem það skapar á alþjóðavettvangi í **sal Þjóðminjasafnsins**.

20.00 Dr. Arndís S. Árnadóttir hönnunarsagnfræðingur flytur fyrirlestur í Hönnunarsafni Íslands um verk Helga Hallgrímssonar húsgagnaarkitekts.

→ Myndlist

12.00 Sýningin Angist er í gallerý **KAOLIN** í Ingólfsstræti 8 og stendur til 18. október.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÚTILJÓSAÚRVAL

VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995



4.995

LJÓS ÁN RÖRS



4.595



4.595



4.595



4.595



5.495



3.995



3.895



5.495



4.595



6.495



5.995



5.995



5.995



4.995

LED LJÓS



4.595



5.995



7.995



4.595



3.995



5.495



4.995



4.995



6.495

GALVANISERAD



7.995



12.995




5.995



7.995



6.495



6.495

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16

Sunnud. kl. 12 - 16

Allt fínt fyrir jólin

Taktu til fyrir jólin!

Allt á sinn stað!
Úrval af geymslu- og bílskúrshillum. Verð frá 5.495

7.995

VIÐ MÆLUM MEÐ ☒

Hillurekki Raxa
5 hillur, 180x90x45.
Burðarþol 175 kg.
5803665

2.995

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

Höggborvél
Power Plus 580 W
13 mm flytipatróna
5245308

Öll innimálning
25% afsláttur*
um land allt



11.995

VIÐ MÆLUM MEÐ ☒

Black&Decker rafhlöðuborvél
12V, tvær rafhlöður.
5245999

9.995

VIÐ MÆLUM MEÐ ☒

Black&Decker stingsög
B&D KS400E
450W, stíglaus hraði.
5245415

Einungis 3% lántökugjald af upphæðinni og 325 kr. greiðslugjald

KAUPLÁN

0%

VAXTALAUST LÁN

Nánar á husa.is

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana



HÚSASMÍÐJAN



SIF ATLAÐÓTTIR leikmaður Kristianstad, hefur spilað sinn síðasta leik í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta á þessu tímabili, eftir að hún fékk rautt spjald í 2-3 tapi Kristianstad á móti Kopparbergs/Göteborg á útivelli í næstsíðustu umferðinni í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir lagði upp eitt marka Kristianstad. Kopparbergs/Göteborg komst á topp deildarinnar með þessum sigri en liðið er með tveggja stiga forskot á LdB FC Malmö, lið Þóru B. Helgadóttur og Söru Bjarkar Gunnarsdóttur, sem á leik inni í kvöld.



ZORAN DANÍEL Hér í leik með Keflavík árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfaramál Keflavíkur:

Ráða kannski þjálfara í dag

FÓTBOLTI „Við erum búnir að ræða bæði við Zoran Daníel Ljubicic og Gunnar Oddsson. Það er okkar von að þeir taki þetta að sér saman,“ sagði Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, en Keflvíkingar eru að leggja lokahönd á þjálfaramálin hjá sér.

Stefnan var að klára málið fyrir síðustu helgi en það gekk ekki upp. Þorsteinn sagði að hugsanlega yrði gengið frá ráðningu á þeim félögum í dag.

Á meðan hafa leikmannamál félagsins setið á hakanum, en fjöldi reynslumikilla leikmanna liðsins er að klára sinn samning.

Þar á meðal er Guðmundur Steinarsson, sem eflaust er eftirsóttur af fleiri félögum.

„Ég er mjög rólegur yfir þessu. Ég ætla að sjá hvernig þessi þjálfaramál fara áður en ég tek einhverja ákvörðun. Mér líst ágætlega á að Zoran og Gunnar taki við liðinu,“ sagði Guðmundur en kitlar það ekkert að prófa nýtt lið?

„Jú, það gerir það alltaf en maður verður líka að vera skynsamur og hugsa hvað sé best fyrir sig. Ég er ekkert að drífa mig.“ - hbg

Haukur Helgi með Manresa:

Í byrjunarliði í fyrsta leiknum

KÖRFUBOLTI Haukur Helgi Pálsson, 19 ára leikmaður Manresa, var í byrjunarliðinu í 71-59 sigri á Joventut í sínum fyrsta leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta um helgina en þessa deild telja flestir vera þá sterkustu í Evrópu. Haukur var með tvö stig og þrjú fráköst á 21 mínútu í góðum heimasigri.

Leik Jóns Arnórs og félaga í CAI Zaragoza, sem átti að fara fram um helgina, var hins vegar frestað vegna deilumála mótherja liðsins, Valladolid, og FIBA, um félagaskipti leikmanna. - óó

Finn það á æfingunum að alvaran er að byrja

Helena Sverrisdóttir verður á morgun fyrsta íslenska körfuboltakonan sem spilar í Euroleague-deildinni, Meistaradeild kvennakörfuboltans, þegar hún og félagar hennar í slóvakíska liðinu Dobri Anjeli skella sér til Póllands.

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir körfuboltakona hefur stigið mörg tímamótaskref fyrir íslenska kvennakörfu þrátt fyrir ungan aldur og hún mun taka eitt í viðbót í Kraká í Póllandi á morgun. Hún er á sínu fyrsta ári með slóvakísku meisturunum í Dobri Anjeli og eftir léttu sigra í deildinni er komið að því að mæta pólsku meisturunum í Wisla Kraká í fyrsta Euroleague-leik tímabilsins.

„Þetta er mjög spennandi. Maður finnur það á æfingunum og á stjórnninni að alvaran er að byrja. Við erum búnar að spila þrjá leiki í deildinni en pressan er núna orðin meiri á æfingum,“ segir Helena, sem kann vel við sig og liðsfélagana.

„Mér líður mjög vel og liðs-andinn er rosalega skemmtilegur. Við búum nánast allar í sömu byggingunni og það er stemmning í kringum það,“ segir Helena, sem er farin að spreyta sig í slóvakískunni.

„Ég er alltaf að fá hrós fyrir að ég sé dugleg að tala en ég er farin að geta talið upp í tuttugu og farin að skilja flest á körfuboltavellinum. Þetta tungumál er samt rosalega flókið,“ segir Helena, en hún verður ekki í byrjunarliðinu í Póllandi.

„Ég er búin að byrja inn á í flestum leikjum en eftir smá spjall við þjálfarann vill hann að ég komi inn sem sjötti maður,“ segir Helena, sem fékk þó skýr skilboð um að hún væri að standa sig vel og ætti bara að halda sínu striki.

Helena spilaði við góðan orðstír með TCU undanfarna fjóra vetur í bandaríska háskólaboltanum en er nú að stíga sín fyrstu



SPILAR NÚMER 24 Helena Sverrisdóttir, sem er jafnan númer 4, spilar í nýju númeri með slóvakíska liðinu Dobri Anjeli.

spor sem atvinnumaður. „Maður þarf að breyta hugarfarinu því í háskólanum snérist þetta alltaf um að læra og læra meira. Það var ekki eins mikið pressuástand en núna er búið að setja mikla peninga í mig þannig að mér er ætlað að gera mitt besta og helst meira en það. Það er fullt af góðum leikmönnum og ég get aldrei slakað á. Það er aldrei tími, hvort sem ég er í vörn eða sókn,“ segir Helena.

Helena og félagar hafa byrjað tímabilið vel heima fyrir, en liðið er með þrjá stóra sigra í fyrstu þremur leikjum sínum. Helena var með 17 stig í 85 stiga sigri á Roznava um helgina.

„Það eru kannski tvö til þrjú góð lið í slóvakísku deildinni en hingað

til höfum við verið að vinna með 70 til 80 stigum. Við erum búnar að fá fullt af fínum æfingaleikjum í bland við þessa rústleiki,“ segir Helena. Mótherjinn á morgun er sterkur, enda búinn að komast í átta liða úrslit Euroleague undanfarin tvö tímabil.

„Leikmennirnir eru allir eldri og reyndari, en við ættum að geta hlaupið á þær og reynt að nota okkar styrkleika. Við erum með ungt lið en við erum ferskar og ættum að vera búnar að spila okkur vel saman undanfarið. Ég hef þá tilfinningu að við eigum góðan möguleika á miðvikudaginn ef við spilum eins vel og við getum,“ segir Helena að lokum. oof@frettabladid.is



ÓLAFUR ÖRN Hugsar sinn gang þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Ólafur Örn Bjarnason:

Skoðar sína möguleika

FÓTBOLTI „Ég er bara samningslaus leikmaður að skoða mína möguleika. Þannig er staðan hjá mér í dag,“ sagði Ólafur Örn Bjarnason, fráfarandi þjálfari Grindavíkur, en hann á enn eftir að ganga frá leikmannasamningi og ekki er víst að hann spili áfram með Grindavík.

„Ég mun taka mér tíma í að skoða mín mál. Ég er samningslaus við Grindavík og það verður að semja við mig upp á nýtt þar ef ég á að vera áfram hjá félaginu. Ég mun sjá til hvernig þjálfaramálin fara þar og annað áður en ég ákveð mig. Á meðan er ég samningslaus leikmaður í leit að liði.“

Ólafur Örn fór til útlanda í frí í gær og verður utan í tvær vikur. Hann mun líklega ekki ganga frá sínum málum fyrr en hann kemur aftur heim. - hbg



VIKTOR KRISTMANNSON Endaði í 113. sæti á HM í áhaldafimleikum.

Viktor Kristmannsson:

Fer á úrtöku-mót fyrir ÓL

FIMLEIKAR Viktor Kristmannsson, fimleikamaður úr Gerplu, lifir í voninni um að vinna sér inn keppnisrétt á ÓL í London. Viktor er á leiðinni á úrtökumót fyrir leikana en hann náði bestum árangri íslensku strákanna á HM í áhaldafimleikum í Japan. Viktor fékk 79.164 stig og varð í 113. sæti í fjölpbraut en hann náði sínum besta árangri á árinu á bæði svífrá og á gólfi. Bjarki Ásgeirsson varð í 124. sæti með 77.465 stig og Róbert Kristmannsson varð í 128. sæti með 77.064 stig. - óó

Ásmundur Arnarsson hætti með Fjölni og skrifaði undir þriggja ára samning við Fylki:

Við Óli Þórðar erum ólíkar týpur

FÓTBOLTI Ásmundur Arnarsson hætti í gær með 1. deildarlið Fjölnis og gerði þriggja ára samning um að taka við Pepsi-deildarliði Fylkis. Fjölnismenn stóðu ekki í vegi fyrir honum og réðu síðan strax í gær aðstoðarmann hans undanfarin þrjú ár, Ágúst Þór Gylfason, sem eftirmann hans.

„Það hefur hver sinn vitjunartíma og þessi sjö ár eru búin að vera frábær fyrir mig í Grafarvoginum og ég kveð hann með söknuði. Ég hugsaði málið vel



ÁSMUNDUR ARNARSSON Skrifaði undir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL AÐALSTEINSSON

þegar þetta tækifæri bauðst og mat það svo að það væri rétti tímapunkturinn að stíga frá því

verkefni og takast á við nýja áskorun,“ sagði Ásmundur.

„Það er fullt af efnilegum strákum í Fylki sem verður spennandi að vinna með. Vonandi náum við að bæta passlega vel og púsla inn í þetta þannig úr verði sterkur hópur,“ segir Ásmundur en verður ekki mikil breyting hjá Fylkisliðinu að hann komi í staðinn fyrir Ólaf Þórðarson.

„Það hefur hver sína leið til að ná sínu fram og það er rétt að við Óli Þórðar erum ólíkar týpur,“ segir Ásmundur. - óó

Fimm sæti á EM í boði á lokakvöldi riðlakeppninnar:

Tvö upp úr okkar riðli?

FÓTBOLTI Riðlakeppni undankeppni EM lýkur í kvöld en Ísland og England eru tvær af þeim þjóðum sem hafa þegar lokið keppni. Fimm sæti á EM eru í boði á lokakvöldinu en England, Spánn, Þýskaland, Ítalía og Holland hafa þegar tryggt sig inn á EM auk gestgjafa Póllands og Úkraínu.

Tvö af þessum fimm sætum gætu komið í hlut liða í íslenska riðlinum. Danmörk og Portúgal mætast á Parken í hreinum úrslitaleik um sigurinn í riðlinum, þar sem Portúgölum nægir jafntefli. Liðið í öðru sæti á hins

vegar mjög góðan möguleika á því að komast beint áfram sem liðið í 2. sæti sem nær bestum árangri. Hin átta liðin sem lenda í öðru sæti í sínum riðli fara síðan umspil um fjögur laus sæti á EM.

Danir eru sem stendur í öðru sæti í okkar riðli en eru það lið sem státar af bestum árangri í öðru sætinu. Ef Svíar vinna Hollendinga gæti það breyst en Króatar og Rússar (ef þeir vinna ekki sinn riðil) gætu einnig blandað sér í baráttuna, þótt mikið þurfi reyndar að gerast til þess að svo verði. - óó



– Lífið heil

+20% afsláttur

af Flux flúormunnskoli fyrir börn og fullorðna



Flux: 0,2% Naf flúormunnskol
Flux Junior: 0,05% Naf flúormunnskol
Flux Klorhexidin: 0,12% klórhexidín og 0,2% Naf

Gildir til 16. október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKASÍÐLUF 5564 0911



ÚRVAL TÍMA OG AUKIN FJÖLBREYTNÍ

Ótakmarkaður aðgangur í alla Hot Yoga tíma í töflu.

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
6:15 (60 mín)		6:15 (60 mín)		6:15 (90 mín)
9:00 (60 mín)		9:00 (60 mín)		9:00 (90 mín)
	12:00 (60 mín)		12:00 (60 mín)	
17:30 (90 mín)		17:30 (90 mín)		17:30 (75 mín)
	18:00 (90 mín)		18:00 (90 mín)	
	20:00 (60 mín)		20:00 (60 mín)	
21:00 (60 mín)		21:00 (60 mín)		21:00 (60 mín)

Nýjungar í æfingum:

Ashtanga Yoga, Shivananda Yoga, Vinyasa flæði og Bikram Yoga NÝJUNG - HOT YOGA ÁSKRIFT!

VERÐSKRÁ

4 vikur	13.900 kr.
6 mán áskrift	11.900 kr. á mán
12 mán áskrift og kaupauki	7.900 kr. á mán
10 tíma klippikort	12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi Sporthússins

Nánari upplýsingar á www.sporthusid.is og í s: 564-4050
Fyrirspurnir sendist á gunnhildur@sporthusid.is

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

> Stöð 2 kl. 22.35

Community

Drepfyndinn gamanþáttur um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindin sín og neyðist til að setjast á ný á skólabekk. Þar kynnist hann heldur betur skrautlegum hópi sammemenda og nýtir sér óspart alla klækina sem hann hefur lært af lögmannsstarfinu. Með aðalhlutverk fer John McHale, sem er ört vaxandi stjarna í Hollywood.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ** HLÆR DÁTT

Lífið í Apollo gleður gramt geð

Það mun hafa verið á útmánuðum að undirritaður uppgötvaði að loftnet það er bar honum sjónvarpsdagskrána var í sundur. Þetta olli áhorfsrofi, enda löngu sannað að sjónvarp er óþarfi á sumrin. Aðrir heimilismeðlimir gerðust hins vegar þó nokkuð háværir eftir því sem leið á sumarið, en þvermóðska húsbóndans stóðst allt slíkt þar til leið á haustmánuð. Var þá ráðist í viðgerðir á loftnetinu sem tóku um fimm mínútur. Síðan þá er oftast kveikt á sjónvarpinu en áður, eðlilega kannski.

Nú ber svo við að í umræddu sjónvarpstæki má horfa á aragrúa stöðva. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna gæti skemmt sér í stofunni fyrir framan tækid; slíkt er úrval efnis og tungumála sem í boði eru.

Þrátt fyrir oft og tíðum ágætt íslenskt sjónvarps-efni, og, oftast og tíðar, óágætt íslenskt sjónvarpsefni, hefur sjónvarpið æ oftast verið stillt á stöð eina engilsaxneska. BBC Entertainment, nánar tiltekið.

Fyrir nú utan alla þá eðla gamanþætti sem þar eru endursýndir í belg og biðu er þar að finna snilldarþáttinn Live at the Apollo. Þetta eru ekki flóknir þættir, uppi á sviði stendur fólk og segir brandara, fólk situr í salnum, sem og heima fyrir, og hlær. Það finnst mér gaman. Það er nefnilega assgoti gaman að hlæja að góðu gríni og á því er engill hörugull í tittnefndum þáttum. Menn mega því skammast yfir sjónvarpsdagskránni að vild fyrir mér. Ég bregð mér í Apollo og hlæ dátt.

RÚV

- 16.00 Íslenski boltinn (e)
- 16.40 Leiðarljós
- 17.25 Tóti og Patti (27:52)
- 17.35 Pakbúarnir (26:52)
- 17.47 Skúli skelfir (9:52)
- 17.58 Jimmy Tvískór (19:26)
- 18.20 Táknafréttir
- 18.30 Laus og liðugur (8:20)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 360 gráður
- 20.40 Svona á ekki að lifa (3:6) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugetu myndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
- 21.15 Djöflaeyjan Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti. Einnig verður farið yfir feril einstakra listamanna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Njósnaeildin (6:8) (Spooks IX) Breskur sakamálaflakkur um úrvalsveit innan bresku leynipjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.15 Anna Pihl (5:10) (Anna Pihl) Dönsk þáttaröð um erlensamt starf lögreglu-konunnar Önnu Pihl. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 00.00 Kastljós (e)
- 00.30 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.15 Someone Like You
- 10.00 Jerry Maguire
- 12.15 Lína Langsokkur
- 14.00 Someone Like You
- 16.00 Jerry Maguire
- 18.15 Lína Langsokkur
- 20.00 Angels & Demons
- 22.15 Turistas
- 00.00 The Vanishing
- 02.00 The Number 23

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (49:175)
- 10.15 Extreme Makeover: Home Edition (21:25)
- 11.00 Hot In Cleveland (2:10)
- 11.25 Wonder Years (15:23)
- 11.50 Monk (14:16)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (32:39)
- 14.00 American Idol (33:39)
- 14.50 Sjáðu
- 15.20 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (3:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Næturvaktin
- 19.50 Ástríður (10:12)
- 20.20 Two and a Half Men (9:16)
- 20.40 Mike & Molly (5:24) Stórskemmtilegir gamanþættir úr smiðju Chucks Lorre og fjalla um Mike og Molly, tvo ofurvenjulega og viðkunnanlega einstaklinga sem kynnst á fundi fyrir fólk sem glímir við matarífln, og verða ástfangin upp fyrir haus. Saman standa þau í baráttunni gegn öllum fordómunum og lélega offitugríninu.
- 21.05 Chuck (4:24)
- 21.50 Terra Nova
- 22.35 Community (1:25)
- 23.00 Daily Show: Global Edition
- 23.30 Borgarilmur (7:8)
- 00.05 Cougar Town (12:22)
- 00.30 Grey's Anatomy (1:22)
- 01.15 True Blood (11:12)
- 02.05 Satisfaction (4:10)
- 02.55 Ocean's Twelve
- 04.55 Nip/Tuck (16:19)
- 05.40 NCIS: Los Angeles (24:24)

SPORT

- 17.35 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu
- 18.05 Danmörk - Portúgal BEINT
- 20.15 Þýski handboltinn: Hamburg - Flensburg
- 21.40 OneAsia Tour - Highlights Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótnu í OneAsia mótaröðinni í golfi.
- 22.35 Danmörk - Portúgal
- 00.20 Þýski handboltinn: Hamburg - Flensburg

SPORT 2

- 17.40 Premier League Review 2011/12
- 18.35 Alfonso
- 19.00 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá hinum ýmsu hliðum.
- 19.30 Blackburn - Arsenal
- 21.20 Sunderland - Stoke
- 23.10 Football League Show
- 23.40 Man. City - Swansea

EXTRA

- 19.30 The Doctors (131:175)
- 20.15 Grey's Anatomy (24:24)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Covert Affairs (1:11) Ný þáttaröð í anda Chucks um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leynipjónustunni, CIA. Annie Walker er nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún er skyndilega kölluð til starfa.
- 23.10 Big Love (7:9)
- 00.05 Weeds (13:13)
- 00.35 Næturvaktin
- 01.05 Ástríður (10:12)
- 01.35 Týnda kynslóðin (8:40)
- 02.05 Grey's Anatomy (24:24)
- 02.50 The Doctors (131:175)
- 03.35 Sjáðu
- 04.00 Fréttir Stöðvar 2
- 04.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.30 Parenthood (8:22) (e)
- 17.20 Rachael Ray
- 18.05 Got To Dance (7:21) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (16:50) (e)
- 19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ (3:22)
- 19.45 Will & Grace - OPIÐ (21:24)
- 20.10 Outsourced (5:22)
- 20.35 The Marriage Ref (7:10) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjórmdómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.
- 21.25 Nýtt útlit (5:12) Þessir vinsælu þættir snúa nú aftur með breyttu sniði. Þau Jóhanna, Hafdis og Ási aðstoða ólíkt fólk að ná fram sínu besta í stíl og útliti.
- 21.55 Nurse Jackie (2:12)
- 22.25 United States of Tara (2:12)
- 22.55 Jimmy Kimmel
- 23.40 Tobba (3:12) (e)
- 00.10 CSI: New York (17:22) (e)
- 01.00 Leverage (15:16) (e)
- 01.45 Smash Cuts (37:52) (e)
- 02.05 Will & Grace (21:24) (e)
- 02.25 Everybody Loves Raymond (3:22) (e)
- 02.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 08.10 Frys.com Open (1:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.00 Golfing World
- 12.50 Frys.com Open (1:4)
- 15.50 Inside the PGA Tour (40:45)
- 16.15 Ryder Cup Official Film 2010
- 17.35 Golfing World
- 18.25 PGA Tour - Highlights (36:45)
- 19.20 THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1)
- 20.10 The Open Championship Official Film 2011 (1:1)
- 21.10 Presidents Cup Official Film 2009 (1:1)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 US Open 2002 - Official Film
- 23.50 ESPN America

N4

- 18.15 Að norðan
- 21.00 Bæjarstjórnarfundur

RÁS 1

FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunþáttur Rásar 1
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 13.00 Fyrr og nú
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Sker
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Útlit
- 15.03 Útlit
- 15.03 Útlit
- 15.25 Málstofan
- 16.00 Siðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.20 Auglýsingar
- 18.21 Spegillinn
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Í heyranda hljóði
- 21.20 Trío
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 23.05 Matur er fyrir öllu
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 10.30 EastEnders
- 11.00 Keeping Up Appearances
- 11.30 Fawcety Towers
- 12.00 'Allo 'Allo!
- 12.30 'Allo 'Allo!
- 12.55 Dalziel and Pascoe
- 13.45 Dalziel and Pascoe
- 14.35 Keeping Up Appearances
- 15.05 Keeping Up Appearances
- 15.35 'Allo 'Allo!
- 16.05 'Allo 'Allo!
- 16.30 Fawcety Towers
- 17.00 Fawcety Towers
- 17.35 The Inspector Lynley Mysteries
- 18.20 The Inspector Lynley Mysteries
- 19.10 Top Gear
- 20.00 The Graham Norton Show
- 20.45 QI
- 21.15 Gavin & Stacey
- 21.45 Skavlan
- 22.40 The Graham Norton Show
- 23.25 Top Gear

DR 1

- 10.10 Horisont
- 10.35 Dage i haven
- 11.05 Vores Liv: Bidt af naturen
- 11.35 Aftenshowet
- 12.30 Et liv uden stoffer
- 13.00 DR Update - nyheder og vejr
- 13.10 Himmelmblå
- 14.00 Benjamin Bjørn
- 14.15 Den trawle by
- 14.30 Lille Nord
- 15.00 Hercule Poirot
- 15.50 DR Update - nyheder og vejr
- 16.00 Vores Liv: Skattejægerne
- 16.30 TV Avisen med Sport
- 17.05 Aftenshowet
- 18.00 Hammerslag
- 18.30 Bonderøven
- 19.00 TV Avisen
- 19.25 Kontant
- 19.50 SportNyt
- 20.00 Wallander: Præsten
- 21.25 Borgen
- 04.00 Molly Monster

NK 1

- 11.35 Urix
- 12.00 Nyheter
- 12.05 Norge rundt
- 12.30 Migrapolis
- 13.00 Nyheter
- 13.10 Dallas
- 14.00 Nyheter
- 14.10 Matador
- 15.00 Nyheter
- 15.10 Tingenes tilstand
- 15.40 Oddasat - nyheter på samisk
- 15.55 Nyheter på tegnspråk
- 16.00 Farkvæld
- 16.40 Distriktsnyheter
- 17.00 Dagsrevyen
- 17.45 Magasin
- 18.15 Program ikke fastsett
- 18.45 Extra-trekning
- 18.55 Distriktsnyheter
- 19.00 Dagsrevyen
- 21.15 Brennpunkt
- 20.30 Folk i farta
- 21.00 Kveldsnytt
- 21.15 Lydverket
- 21.45 Elskerinner
- 22.45 Lindell: Drømmefangeren

svt1

- 11.15 Skavlan
- 12.15 Sångpärlor
- 12.25 Världens Barn
- 12.30 Cycklarnas afton
- 14.00 Rapport
- 14.05 Gomorron Sverige
- 14.30 Barn till varje pris?
- 15.25 Flugor
- 15.30 Sverige idag
- 15.55 Sportnytt
- 16.00 Rapport
- 16.10 Regionala nyheter
- 16.15 Go'kväll
- 17.00 Kulturmyheterna
- 17.15 Regionala nyheter
- 17.30 Rapport
- 18.00 Vem tror du att du är?
- 19.00 Världens Barn
- 19.05 Landet Brunsås
- 19.35 Håbinette
- 20.05 Dox
- 21.40 Stulen identitet
- 22.30 Rapport
- 22.35 Hetta
- 00.40 Rapport
- 00.45 Ensam på scen: Greg Giraldo

INN

- 20.00 Hrafnabing
- 21.00 Græðlingur
- 21.30 Svartar tungur

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|------------------------|----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útlit Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útlit Latibær | FM 105,5 Útlit Boðun |

ER TITILLINN KOMINN Í ÁSKRIFT Á OLD TRAFFORD?

ENSKI BOLTINN

STÆRRI EN ALLT

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

TOYO TIRES

Settu Toyo harðskeljadekkin undir strax!

Við bjóðum vaxtalaus lán
frá Visa og Mastercard í
allt að 12 mánuði

TOYO HARÐSKELJADEKK
MEIRA GRIP ÁN NAGLA
MINNA SVIFRYK, ENDINGARGÓÐ, HLJÓÐLÁT



**Bílabúð
Benna**
— Sérfræðingar í bílum —

Reykjavík
NESDEKK
Reykjanesbæ

Nesdekk - Reykjavík
Fiskilóð 30 / S: 561 4110

Nesdekk - Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9 / S: 420 3333

Bílabúð Benna dekkjapjónusta
Tangarhöfða 8 / S: 590 2000

Umboðsmenn um land allt
www.toyo.is





„Ætli það séu ekki rétt rúm 20 ár síðan þáverandi kærasta mín og síðar fyrrverandi eiginkona gerði fram-takslausum unnusta sínum þann greiða að skreppa niður á Hagstofu og skrá hann úr Þjóðkirkjunni yfir í hið hugljúfa Ása-trúarfélag. Langar samt þínu til þess að skrá mig í kirkjuna bara til þess að geta skráð mig úr henni aftur.“

Pórarinn Pórarinnsson blaðamaður.

Spegilmynd Jóns Páls í Heimsendi

„Ég hamaðist í ræktinni og passaði mataræðið alveg ofsalega vel til að reyna að líta ekki út eins og aumingi,“ segir Guðjón Þorsteinn Pálmarsson leikari.

Guðjón leikur kraftalega vörðinn Leó í sjónvarpsþáttaröðinni Heimsendi sem frumsýnd var á sunnudagskvöld á Stöð 2. Þar er hann með aflitað, hvítt hár, stór gleraugu og klæddur í hlýraból sem var einmitt einkennisbúningur frægs kraftajötuns um svipað leyti og þættirnir eiga að gerast, sjálfs Jóns Páls Sigmarssonar. Guðjón viðurkennir að þessi goðsagnakenndi íþróttakappi hafi verið hafður til hliðsjónar. „Við lögðum eiginlega upp með að Jón Páll væri spegilmyndin. Það var bara áttin sem við fórum í og við erum ekkert að reyna að breiða yfir það,“ segir Guðjón en bætir því við að útlitið sé það eina sem þeir tveir eigi sameiginlegt.

Leikarinn varð svo frægur að hitta Jón Pál einu sinni, þegar hann var tíu ára, og viðurkennir að það hafi verið einstök og nánast heilög stund. „Hann var náttúrlega hálfguð í augum margra,“ segir Guðjón, en hann lagði á sig töluverða vinnu til að ná þeim vöðvamassa sem Leó skartar í þáttunum og naut meðal annars liðsinnis annars leikara, Jóhannesar Hauks Jóhannessonar, við að lyfta lóðum. Jóhannes Haukur fór einmitt í svipað átak fyrir hlutverk sitt í Svörtum á leik og þá var Guðjón hjálparhellan. „Það hjálpaði mér heilmikið. Menn skiptast á að verða þreyttir og þá er gott að einhver sparki í rassinn á manni,“ útskýrir Guðjón, sem byrjaði að lyfta hálfa ári áður en tókur hófust. „Ég tók þetta síðan mjög föstum tókum síðustu tvo til þrjá mánuðina.“

- fgg



SLÁANDI LÍKINDI Guðjón Þorsteinn sem vörðurinn Leó, en fyrirmyndin að útliti hans er Jón Páll Sigmarsson kraftajötunn.



Tilboð í Október

Litun og plokkun kr. 2900,-
Brasilískt vax kr. 3400,-
Kókos líkamsskrúbb kr. 5500,-
Fótsnyrting kr. 4400,-

SNYRTISTOFAN
salon rit2
Laugavegi 66, 2.h. Sími 552 2460

Nærgöngult og gagnrýnið samtímaverk



Eín af mikilvægustu leiksýningum ársins
SÓL, Dýrfreyja og RÚV

„Þau náðu mér“
HVFH, eyjastíll

ZOMBÍLJÓÐIN
FERDIN ENDAR HÉR

Lokasýning fimmtudaginn 13. október
Ekkert kostar inn á sýninguna en tekið á móti frjálsum framlögum til Fjölskylduhjálpar

Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ: MEÐ BÓK UM SAMA EFNI OG ARNALDUR

Einvígi krónprinsins og kóngsins í jólabókaflóðinu

„Þetta er alveg fáránlegt. Ég eiginlega trúði þessu ekki fyrst,“ segir rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð.

Hann og metsöluhöfundurinn Arnaldur Indriðason gefa út hvor sína sakamálasöguna eftir þrjár vikur þar sem söguviðið er heimsmeistaraeinvígið í skák á milli Bobby Fischer og Boris Spasskí í Laugardalshöll 1972.

Óttar, sem hefur verið kallaður krónprins íslenskra glæpasagna, frétti af bók Arnaldar þegar vinur hans benti honum á viðtal við „konung íslensku spennusögunnar“ í Morgunblaðinu fyrir skömmu. „Hefði hann gefið út sína bók fyrir einu ári hefði ég hætt við mína bók,“ segir Óttar, sem hafði gengið lengi með hugmyndina að sinni bók í kollinum.

Bók Arnaldar nefnist Einvígið á meðan bók Óttars heitir Lygarinn: Sónn saga. Þar með er ekki öll sagan sögð því Einvígið var eitt af nöfnunum sem komu til greina á bók Óttars. „Ég var með lista yfir tíu til fimmtán titla og Einvígið var á þeim lista. Ég vil ekki vera leiðinlegur við Arnald en mér fannst það vera of augljós titill á skákbók. En þetta er flottur titill.“ Fleiri líkindi eru með bókunum, því lögreglumenn eru aðalpersónurnar í þeim báðum. Hjá Arnaldi er það lærifaðir Erlends en hjá Óttari eru persónurnar tvær, lögreglumaður sem tengist einvíginu árið 1972 og dóttir hans sem í nútímanum rannsakar mál sem tengist sama einvígi.

Óttar telur að fjarlægðin sem er komin á þetta mikla skákeinvígi hafi haft eitthvað að gera með að hann og Arnaldur ákváðu að skrifa um það sama. Einnig sú staðreynd að Fischer bjó hér á landi síðustu ár sín. Fischer var einnig alltaf



SKRIFA UM HEIMSMEISTARAEINVÍGIÐ
Óttar M. Norðfjörð og Arnaldur Indriðason gefa báðir út bækur fyrir jól um heimsmeistaraeinvígi Fischers og Spasskís.

„nálægur“ í lífi Óttars því faðir hans, Sverrir Norðfjörð, sem lést fyrir þremur árum, afrekaði það að sigra Fischer í fjöltefli árið 1962. Mynd af þeirra einvígi hékk lengi uppi á vegg á heimili Óttars. „Bókin er virðingarfylltur við pabba minn og þennan skák-Fischer-heim.“

En hvað finnst honum um samkeppnina við Arnald? „Að vera með bók sem er með sama efni og þessi sölumaskína okkar er svolítið klikkað. Þetta verða örugglega áhugaverðustu bókajól sem ég hef tekið þátt í,“ segir Óttar, sem veit ekki til þess að svona lagað hafi gerst áður í íslenskri bókmenntasögu, hvað þá á sama tíma. „Það er spurning hvort við Arnaldur tókum ekki skák? Ég skora á hann.“

freyr@frettabladid.is

Rændur rétt fyrir Airwaves

„Það eru nokkrir með aðstöðu þarna, en það var farið inn í herbergið mitt,“ segir tónlistarmaðurinn Ragnar Árni Ágústsson.

Brotist var inn í æfingahúsnæði Ragnars síðasta föstudag og áætlað hann að hljóðfærum og öðrum hlutum að andvirði 250 þúsund krónur hafi verið rænt. Þar á meðal voru harðir diskar sem höfðu að geyma upptökur sem Ragnar hafði unnið að síðustu misseri. „Hljóðnemum var stolið, heyrnartólum, kassagítarum mínum og fleira dóti,“ segir hann. „Það var verst að missa hörðu diskana. Þeir höfðu að geyma upptökur og hugmyndavinnu. Ég er búinn að ferðast í krungum landið og taka upp lækki og fossa, sem tók langan tíma.“

Ragnar er saxófónleikari og leikur meðal annars undir í Sól-skuggum Bubba Morthens. Þá er annasamasta vika íslenskra

tónlistarmanna gengin í garð, en Iceland Airwaves-hátíðin hefst á miðvikudag. Innbrotið kemur ekki í veg fyrir að Ragnar komi fram með Berndsen, Jónasi Sig og Samúel Samúelssyni. „En það er hægt að segja að þetta sé búið að valda mikilli truflun,“ segir hann.

Ragnar segir að fólk hafi bent honum á að tala við Bubba Morthens, sem hafi hjálpað til að leysa svipuð mál. „Ég er búinn að tala við umboðsmanninn hans, hann ætlar að kíkja á þetta fyrir mig,“ segir Ragnar og biðlar til þjófanna að skila ránsfengnum. „Þeir þurfa bara að hringja í mig. Ég gæti sótt þetta hvert sem er. Þeir gætu nefnt stað og stund og þá væri málið dautt.“

- afb



LEIÐINDI Brotist var inn til tónlistarmannsins Ragnars Árna. Hann vonar að ránsfengnum verði skilað.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

KARLAÁTAK KONUÁTAK BRAZIL BUTT LIFT ZUMBA

Skráning og nánari upplýsingar:

Símar 565 2212 og 565 2712

mottaka@hress.is

www.hress.is

6 VIKNA
NÁMSKEIÐ
HEFJAST
17. OG 18. OKT.



Dalshrauni 11
Ásvöllum 2
220 Hafnarfirði
hress@hress.is
www.hress.is

HRESS



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tvöfalt Lennon-afmæli

Það hefur ekki farið framhjá neinum að mæðginin **Yoko Ono** og **Sean Lennon** eru á landinu. Þau ætla bæði tvö að spila á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni og eru þegar búnir að kveikja á Friðarsúlunni í Víðey sem nú lýsir upp himininn yfir Reykjavík. Yoko og Sean gerðu sér hins vegar glaðan dag ásamt góðum vinum sínum á sunnudagskvöldinu á veitingastaðnum Kolabrautinni í Hörpunni enda áttu þeir þá báðir afmæli, Sean og John Lennon.



Fagnaði með besta vininum

Meðal þeirra sem fögnuðu afmælinu með Lennon var stofnandi Napster-tónlistarforritsins. Sá heitir Sean Parker og er einn besti vinur Lennons. Það var Vísir sem greindi fyrst frá veru Parkers á Íslandi, en Parker, sem **Justin Timberlake** túlkaði af listfengi í verðlauna-myndinni The Social Network, staðfesti þetta raunar á Twitter-síðu sinni á sunnudag. Þar sagði Parker að Ísland byggi yfir feður sem hann gæti ímyndað sér að skapaðist að loknum ragnarökum. „Norðurljós sjást glitra í fjarska,” bætti hann við. Það er ekki útilokað að Parker láti sjá sig á landinu á sama tíma að ári, því þetta er í annað sinn í röð sem hann fagnar afmæli feðganna hér.



Mest lesið



- 1 Anna Björns farin úr landi
- 2 Gagnrýnir Boston Globe fyrir að greina frá nafni Önnu...
- 3 Ekkert BootCamp án breytinga á skipulagi
- 4 "Hvílík skepna hefur þessi biskup verið"
- 5 Sprengiefnið fundið - góðkunningi lögreglu í...

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



Eitt það besta í svefnherbergið



Gerðu GÆÐA- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalaugar greiðslur



IQ-CARE*

Ein besta heilsudýna í heimi, háþrúð þrýstijöfnunarheilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

Stærð	Verð
90x200	144.900 kr.
100x200	149.900 kr.
120x200	164.900 kr.
140x200	179.900 kr.
153x203	179.900 kr.
160x200	199.900 kr.
180x200	229.900 kr.
180x210	249.900 kr.
193x203	259.900 kr.



Verðdæmi

PROFLEX 2x90x200	399.900 kr.
BOARD Wallhugger 2x90x200	549.900 kr.
SCAPE Wallhugger 2x90x200	699.900 kr.
PRODIGY 2x90x200	799.900kr.

STILLANLEG RÚM


Mikið úrval af stillanlegum rúmum



PÓR*

Hágæða heilsudýna
7 svæðaskipt tvöfalt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steypar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

Stærð	Verð
100x200	104.900 kr.
120x200	124.900 kr.
140x200	139.900 kr.
153x203	149.900 kr.
160x200	154.900 kr.
180x200	174.900 kr.
180x210	189.900 kr.
193x203	199.900 kr.



FREYJA / SAGA*

Hágæða heilsudýna
7 svæðaskipt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steypar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

Stærð	Verð
90x200	89.900 kr.
100x200	94.900 kr.
120x200	109.900 kr.
140x200	119.900 kr.
153x203	129.900 kr.
160x200	134.900 kr.
180x200	149.900 kr.
180x210	159.900 kr.
193x203	169.900 kr.

*Öll verð með íslenskum botni og fótum



AKUREYRI



www.svefn.is



REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00